

ÁVARP FORMANNS

Árið 2001 var sannarlega minnisstætt, viðburðaríkt og merkilegt ár í íslenskri knattspyrnu. Það er því af nógu að taka þegar lítið er til baka og gera á upp starfsárið 2001.

Á liðnu ári lést Björgvin Schram, fyrrverandi formaður KSÍ. Björgvin var formaður KSÍ í 14 ár frá 1955-1968. Þessum aldna heiðursmanni og mikla knattspyrnuleiðtoga eru hér þökkúð hans miklu störf í þágu knattspyrnunnar á Íslandi.

Knattspyrnusamband Íslands er stærsta og öflugasta félagsmála-hreyfing landsins. Innan okkar vébanda eru hátt í 20.000 virkir félagar, auk allra þeirra sem tengjast starfinu. Á okkur hvílir mikil ábyrgð og sífelld krafa að gera enn betur. Verk okkar eru ekki alltaf metin sem skyldi en við látum okkur fátt um finnast, ef við erum sannfærð um að við höfum unnið af hugsjón og heilindum.

Við sækjumst ekki eftir lofi og þökkum, við sækjumst eftir árangri og þeirri fullnægi sem felst í því að láta gott af sér leiða. Hlutverk okkar sem sitjum í stjórn KSÍ og stjórnnum félaganna er að skipuleggja hreyfinguna og veita henni forystu. Knattspyrnuhreyfingin verður að standa saman sem ein órofin heild.

Ágreining um leiðir og stefnur eigum við að leysa á lýðræðislegan hátt og takast á um málin á ársþingum. Þegar niðurstöður liggja fyrir og meirihlutinn hefur sagt sína skoðun á stefnu og starfsemi KSÍ, sem birtist að verulegu leyti í framlagðri fjárhagsáætlun, ber hreyfingunni að standa saman sem ein órofin heild. Á því byggist styrkur okkar. Forystumenn í hreyfingunni verða að hafa félagslegan þroska og nægilega víðsýni til að sjá starfsemi heildarinnar. Á

því hefur styrkur Knattspyrnu-sambands Íslands byggst hingað til.

Það var að vanda mikið líf og fjör á knattspyrnuvöllum vítt og breitt um landið í sumar. Ánægjuleg er sú staðreynd að knattspyrnan á Íslandi hefur aldrei verið jafn vinsæl og staðið sterkari í vitund íslensku þjóðarinnar en á síðasta keppnis-tímabili.

Talsverð áhorfendaaukning varð á leikjum Símadeildarinnar 4. árið í röð. Þar er um að ræða samspil margra hluta eins og öflugri markaðssókn Símadeildarinnar af hálfu Landssíma Íslands, KSÍ og félaganna. Einnig aukinn fjöldi leikja í beinni útsendingu bæði úr Símadeild og Coca-Cola bikar, aukinn áhugi allra fjölmiðla og mjög aukin umfjöllun um knattspyrnu allt árið. Síðan má ekki gleyma þeirri miklu spennu sem var bæði á toppi og botni Símadeildar frá byrjun til enda.

Könnun sem Landssími Íslands lét gera á áhorfi Símadeildarinnar var hreint ótrúleg. Þar kom í ljós að tæplega 50% landsmanna vissu að Landssíminn var styrktaraðili efstu deildar karla og yfir 54% landsmanna fylgdust reglulega með Símadeildinni. Glæsilegur árangur sem sýnir að vel hefur tekist að markaðssetja efstu deild karla, sem er að sjálfsögðu langverðmætasta "sponsor dæmi" á Íslandi í dag.

Á síðasta ársþingi sagði ég orðrétt í ræðu minni: "Eitt mesta áhyggjumál í íslenskri knattspyrnu í dag eru fjármál knattspyrnunnar, en mörg félög eru mjög skuldsett og eru nánast óstarfhæf af þessum sökum". Þessi orð eiga ekki síður við í dag en þá.

Ekki er langt síðan eitt af okkar aðildarfélögum var lýst gjaldþrota og óvíst hvernig því máli lyktar á þessari stundu. En ég tel tvímæla-laust að batamerki hafi gert vart við

síðasta ári. Mörg félög hafa tekið til í sínum rekstri og hreinlega hreinsað út. Ég hef jafnframt á tilfinningunni að þau félög sem ekki framkvæmdu þetta á síðasta ári hafi nú sett sig í stellingar og munu gera það fyrir næstu leiktíð. Ég vil hér sérstaklega nefna tvö félög sem mjög var illa ástátt hjá og tóku á sínum málum á mjög eftirtektarverðan og sannfærandi hátt, þ.e. Akranes og Fram.

En ég vil einnig minna ykkur öll á að gjaldþrot Leifturs er mjög alvarleg aðvörðun til okkar allra í rekstrinum. Það er alvarlegt högg á knattspyrnuhreyfinguna þegar svona gerist og ærið tilefni fyrir félög að líta í eigin barm og skoða málin á gagnrýninn hátt. Eitt er ljóst, að gjaldþrot knattspyrnunnar á Ísafirði fyrir nokkuð mörgum árum síðan hefur orðið þess valdandi að knattspyrnan á Ísafirði hefur aldrei borið sitt barr frá þeim tíma.

Tími knattspyrnuhúsa er vissulega runninn upp eftir margra ára baráttu. Eitt er komið í gagnið og þrjú í byggingu, tvö tilbúin í ár og eitt á næsta ári. Hér verður í raun um gjörbyltingu að ræða í knattspyrnunni og til lengri tíma meira framfaraspur en við gerum okkur grein fyrir. Engu að síður er ljóst að það þarf fleiri hús á næstu árum þannig að menn verða að halda vöku sinni áfram.

Næsta stóra framkvæmd sem ég sé í mannvirkjamálum er að eignast upphitaða grasvelli sem byggðir eru upp með ákveðinni blöndu náttúrulegs grass og gervigrass. Þetta yrði algjör bylting, en þessi þróun á sér stað víða í Evrópu þar sem veðráttan er rýsjótt á veturna, til dæmis á Norðurlöndunum og í Mið-Evrópu. En við þurfum að fylgjast mjög vel með öllum framförum og nú á sér stað mjög hröð þróun í framleiðslu gervigrass

og virðist ekki langt í það að FIFA og UEFA viðurkenni slíkt gras vegna leikja í Heimsmeistarakeppni og Evrópukeppni félagsliða.

FIFA hefur undanfarin fjögur ár verið með svokallað Goal Project í gangi. Forysta KSÍ hefur í nokkurn tíma horft á möguleika okkar á að komast inn í þessa úthlutun. Ég átti fund með forseta og framkvæmdastjóra FIFA út af þessu máli og loks var ljóst seinni hlutann á síðasta ári að við gætum fengið 400.000 USD styrk í gegnum þetta verkefni sem er ca. 41 milljón íslenskra króna.

Það er skilyrði þessarar styrkveitingar að hann notist í byggingu aðalstöðva og fræðslu- og þekkingarseturs KSÍ. Ég held jafnframt að það sé alveg ljóst að hærri styrkir verða til ráðstöfunar í þetta sama verkefni á næstu árum. Það er markmið stjórnar KSÍ að finna flöt á þessu máli þannig að þessir fjármunir komi inn í íslenska knattspyrnu, enda veitir ekki af.

Mikill tími fór á síðasta starfsári í nýjan sjónvarpssamning. Lengi vel leit út fyrir að við myndum semja við nýtt fyrirtæki í þetta sinn, en á lokasprettinum kom okkar samstarfsfyrirtæki, UFA, með besta tilboðið, sem var reyndar mjög ánægjulegt því við höfum mjög góða reynslu af samstarfinu við þá, eins og reyndar mörg íslensk félög.

Ég tel að við höfum gert mjög góðan samning sem tryggir fjárhagsgrundvöll KSÍ til næstu fjögurra ára. Sá samningur inniheldur líka í fyrsta skipti samstarfsaðila um deild og bikar. Það er ljóst að hér er um verulega tekjuaukningu að ræða hjá félögum í Símadeild.

Rekstur KSÍ er viðamikill eins og sjá má á reikningum sambandsins. Afkoman á síðasta ári var góð og árið að mörgu leyti hagstætt starfsemi KSÍ. Fjárhagsstaðan er mjög sterk með eigið fé upp á tæpar

93 milljónir. Hagnaður af starfsemi KSÍ er 38 milljónir, en tap af rekstri Laugardalsvallar er 18 milljónir, þannig að heildarhagnaður samstæðunnar er 20 milljónir.

Rekstur KSÍ hefur gengið vel undanfarin ár og fjárhagsstaða sambandsins hefur styrkst. Það að skila hagnaði í rekstri KSÍ er langt í frá sjálfgefið. Það hefst eingöngu af því að mikil vinna er lögð í að ná sem mestum tekjum, að hafa á öllum tímupunktum yfirsýn yfir reksturinn og hafa mikið aðhald og sparsemi í rekstri að leiðarljósi.

Það er enginn sá rekstur til sem sýnir árangur til lengdar ef ekki er um mikið aðhald og sparsemi að ræða. En eins og þið vitið vel þá er KSÍ samband félaganna og félögin eru KSÍ, svo einfalt er það mál. Því er það ljóst að góður rekstur KSÍ skilar sér til félaganna eins og vera ber.

Stjórn KSÍ hefur nú ákveðið að greiða ca. 10 milljónir til aðildarfélaga sambandsins. Greitt er framlag til 56 aðildarfélaga KSÍ sem sendu lið til keppni í mót á vegum KSÍ í yngri aldursflokkum utanhúss 2001. Félög sem sendu lið til keppni í yngri flokkum karla og kvenna fá 200 þúsund krónur hvert, en félög sem sendu aðeins lið til keppni í yngri flokkum karla 125 þúsund krónur hvert. Samkvæmt þessu fá 38 félög 200 þúsund krónur og 18 félög 125 þúsund krónur, eða alls kr. 9.850.000. Knattspyrnusamband Íslands hefur frá árinu 1992 skilað aðildarfélögum sínum alls 160 milljónum króna með framlögum og niðurfellingu gjalda.

Það má með sanni segja að við höfum verið einstaklega heppin þegar dregið var í riðla undankeppni Evrópumóts landsliða í Portúgal 2004. Þetta kemst nálægt því að vera draumariðill fyrir okkur frá öllum sjónarhornum. Ég tel að

það sé nú þegar ljóst að við verðum í miklum vandræðum í heima-leikjunum á móti bæði Þýskalandi og Skotlandi þar sem mun færri munu fá miða en vilja.

Þessi staðreynd mun setja enn meiri pressu á forystu KSÍ og borgaryfirvöld að finna lausn á að fullbyggja Laugardalsvöll þannig að þar verði pláss fyrir 12-15 þúsund áhorfendur í sæti. Við hljótum að halda áfram að setja okkur raunhæf markmið og setja stefnuna á að komast í 2. styrkleikaflokk. Það þýðir að við setjum markmiðið á að ná öðru sæti í riðlinum. Vissulega gæti það tekið lengri tíma en eina undankeppni að ná því markmiði að komast í annan styrkleikaflokk, en ef ekki eru sett raunhæf markmið næst aldrei framfær, aldrei árangur.

Á ársþingum fá menn tækifæri til að ræða stefnumál knattspyrnuhreyfingarinnar. Þar er tækifæri til að skamma stjórn KSÍ fyrir það sem miður hefur farið og þá vonandi að hæla henni fyrir það sem vel hefur verið gert. Ég skora á ykkur öll að hugsa fyrst og fremst um hag heildarinnar og láta ekki dægurþras og einkahagsmuni stýra gerðum ykkar. Það á að gusta af ársþinginu, þá er líf og kraftur í hreyfingunni, átök eru jú oftast undanfari framfara. Hér sameinum við krafta, hér störfum við saman af drenglyndi og heilindum.

Eggert Magnússon,
formaður KSÍ

HORFT TIL FRAMTÍÐAR

Við upphaf nýrrar aldar er staða íslenskrar knattspyrnu sterkari en nokkru sinni fyrr. Aðstaða knattspyrnumanna fer sífellt batnandi, áhorfendum á leikjum fjölgar stöðugt samfara auknum almennum áhuga á knattspyrnu, knattspyrnuhús og sparkvellir rísa víða, iðkendum fjölgar hjá aðildarfélögum KSÍ, A landslið karla hefur hækkað um styrkleikaflokk og árangur yngri landsliða gefur góð fyrirheit um bjarta framtíð.

Ársskýrsla KSÍ fyrir starfsárið 2001 er nú gefin út með svipuðu sniði og árið á undan. Í þessari skýrslu er stiklað á stóru um mótin 2001, dómaramál, landsliðsmál, Evrópu-leiki félagsliða, mannvirkjamál, fræðslumál, fjármál og margt fleira. Aftast í skýrslunni er svo að finna ársreikning sambandsins.

Skýrslunni fylgir sem fyrr ítarleg fylgiskýrsla með stuttu yfirliti yfir störf nefnda sambandsins. Sú stóra breyting hefur hins vegar verið gerð að úrslit leikja í mótum á vegum KSÍ er ekki að finna í fylgiskýrslunni, heldur var samið við bókaútgáfuna Skjaldborg um að birta úrslit allra leikja í öllum mótum í bókinni "Íslensk knattspyrna" eftir Víði Sigurðsson. KSÍ hefur sent aðildarfélögum sínum eintak af bókinni.

STJÓRN OG STARFSFÓLK

55. ársþing KSÍ var haldið í Reykjanesbæ 10.-11. febrúar. Stjórn KSÍ var þannig skipuð að loknu ársþingi:

Eggert Magnússon, formaður
Halldór B. Jónsson, varaformaður
Eggert Steingrímsson, gjaldkeri
Jón Gunnlaugsson, ritari
Anna Vignir
Ágúst Ingi Jónsson

Ástráður Gunnarsson
Björn Friðþjófsson
Lúðvík S. Georgsson

Varamenn voru Einar Friðþjófsson, Jóhannes Ólafsson og Þórarinn Gunnarsson. Fulltrúar landshluta í stjórn voru Jakob Skúlason (Vesturland), Ómar Bragi Stefánsson (Norðurland), Guðmundur Ingvason (Austurland) og Jóhann Ólafsson (Suðurland).

Stjórn KSÍ hélt 13 bókaða fundi á árinu (milli ársþinga) auk þess sem nefndir sambandsins hittust reglulega og sér í lagi í tengslum við fjölmörg verkefni sem þær fást við. Meginþungi starfsins hvíldi hins vegar á skrifstofu KSÍ sem hélt utan um daglegan rekstur móta og landsliða auk þess sem þjónusta við aðildarfélögin var umfangsmikil og vaxandi.

Starfsmenn skrifstofu KSÍ voru:

Geir Þorsteinsson, framkvæmdastj.
Birkir Sveinsson, mótastjóri
Guðni Kjartansson, fræðslustjóri
Pálmi Jónsson, fjármálastjóri
Klara Bjartmarz
Gunnar Gylfason
Margrét Elíasdóttir
Ómar Smáráson
Ragnheiður Elíasdóttir

Þá var Jóhann Kristinsson vallarstjóri Laugardalsvallar.

FRAMFARIR

Á árinu var hafin bygging þriggja nýrra knattspyrnuhúsa með leikvöllum í fullri stærð og er ljóst að þessi stórbætta aðstaða mun hafa mikil áhrif á knattspyrnuna á Íslandi á næstu misserum. Riðið var á vaðið með knattspyrnuhöllinni í Reykjanesbæ og nú styttist í að hús verði tekin í notkun í Reykjavík, í Kópavogi og á Akureyri.

Heimasíða KSÍ verður sífellt umfangsmeiri og mikilvægari þáttur í daglegu starfi knattspyrnuhreyfing-

arinnar. Aðildarfélögunum hefur verið veittur aðgangur að síðunni og gert kleift að skrá úrslit leikja og leikskýrslur beint í gagnagrunn KSÍ. Með þessu berast upplýsingarnar almenningi og fjölmiðlum enn fyrr en áður um internetið og þjónustan við áhuga-fólk um knattspyrnu þannig stórkaukinn.

Símadeild karla tókst frábærlega í alla staði. Með góðri skipulagningu og kynningu, meiri umfjöllun fjölmiðla en áður hefur þekkt og nýju aðsóknarmeti festi mótið sig enn betur í sessi sem flaggskip íslenskrar íþróttakeppni. Frammistaða liðanna var í heild nokkuð góð og dómaramir áttu framúrskarandi sumar. Annars var skipulag móta var að mestu óbreytt frá fyrra ári og framkvæmd móta tókst í meginatriðum vel. Fjölgun leikja varð í nær öllum aldursflokkum og hvergi fækkun.

A landslið karla hafnaði í 4. sæti í undankeppni fyrir HM. Eftir góða frammistöðu fram eftir árinu var liðið í keppni um tvö efstu sætin, en slæmir ósigrar í tveimur síðustu leikjunum, gegn Norður-Írum og Dönnum gerðu þær vonir að engu. Engu að síður var niðurstaðan í keppninni viðunandi og liðið hefur færst upp um styrkleikaflokk.

Líkt og undanfarin ár var rekstur KSÍ í góðu horfi 2001 og voru rekstrartekjur umfram rekstrargjöld tæpar 30 milljónir króna. Að teknu tilliti til annarra tekna og gjalda, fjármunaliða og áhrifa Laugardalsvallar var rúmlega 20 m. kr. hagnaður af rekstrinum. UEFA og FIFA styðja afar vel við bakið á aðildarlöndum sínum, en af 234,3 m. kr. rekstrartekjum KSÍ 2001 var framlag UEFA og FIFA samanlagt um 65 m. kr. Þá var á árinu gerður nýr samningur við UFA í Þýskalandi um sjónvarps- og markaðsrétt sem tryggir fjárhagsgrundvöll KSÍ til næstu fjögurra ára.

MÓTIN 2001

ÍSLANDSMÓT INNANHÚSS

Íslandsmót meistaraflokka karla og kvenna í innanhússknattspyrnu fóru fram í janúar að venju, en leikið var í Austurbergi og Laugardalshöll. Þórsarar frá Akureyri tryggðu sér Íslandsmeistaratitilinn í meistara-flokki karla með öruggum 4-0 sigri á Val í úrslitaleiknum, en KR-stúlkur lögðu Breiðablik í æsispennandi úrslitaleik meistara-flokks kvenna, 5-4.

NÝTT FYRIRKOMULAG Í DEILDARBIKAR KARLA

Deildarbikar karla var skipt í tvær deildir að þessu sinni, efri og neðri, og reyndist þetta nýja fyrirkomulag afar vel. Í efri deild léku 16 lið í tveimur riðlum, en í þeirri neðri 18 lið í þremur riðlum.

KR sigraði FH í úrslitaleik efri deildar eftir vítaspyrnukeppni, en ekkert mark var skorað í venjulegum leiktíma og eftir framlengingu. Þróttur R. hafði betur gegn HK í úrslitaleik neðri deildar, en Þróttarar sigruðu með þremur mörkum gegn einu.

Í Deildarbikar kvenna sigraði Breiðablik Val í úrslitaleik eftir vítaspyrnukeppni, en staðan að loknum venjulegum leiktíma og framlengingu var 1-1.

KR SPÁÐ SIGRI AÐ VENJU

Á hinum árlega kynningarfundum Símadeildar karla fer fram spá fulltrúa félaganna um lokastöðu liðanna í deildinni. Engin breyting var á því hvaða liði menn spáðu toppsætinu, en KR-ingar hafa oftar en ekki vermt efsta sætið á þessum lista og svo var einnig nú nú. Fulltrúar félaganna voru á þeirri

skoðun að hlutskipti stóru Reykjavíkurliðanna yrði ólíkt, enda var gömlu stórveldunum Fram og Val spáð falli. Hefði spáin gengið eftir ætti taflan að hafa litið þannig út að móti loknu:

| | | |
|----|------------|------------|
| 1 | KR | 288 |
| 2 | Grindavík | 256 |
| 3 | Fylkir | 250 |
| 4 | ÍBV | 173 |
| 5 | ÍA | 161 |
| 6 | FH | 159 |
| 7 | Keflavík | 124 |
| 8 | Breiðablik | 98 |
| 9 | Fram | 81 |
| 10 | Valur | 60 |

SKAGAMENN MEISTARAR EFTIR ÆSISPENNANDI MÓT

Það voru Skagamenn sem höfðu Íslandsmeistaratitilinum eftir æsispennandi endaspenn og mikla baráttu við Eyjamenn. Það hefur verið venja undanfarin ár að úrslit Símadeildar ráðist ekki fyrr en í lokaumferðinni og á því varð engin breyting nú. ÍBV og ÍA mættust í síðustu umferðinni á Hásteinsvelli í Vestmannaeyjum. Liðin voru jöfn að stigum en ÍA hafði hagstæðara markahlutfall og dugði því jafntefli í leiknum til að tryggja sér sigur í deildinni. Leiknum lauk með 2-2 jafntefli og fjölmargir aðdáendur ÍA föggnuðu gríðarlega í leikslok. Meistararnir töpuðu aðeins fjórum stigum á heimavelli og munar um minna í jafn harðri baráttu og er í Símadeildinni.

Árangur FH kom nokkuð á óvart, en Kaplakrikapiltarnir voru í baráttunni um titilinn allt til loka, þrátt fyrir að flestir hafi búist við þeim í neðri hluta deildarinnar, og voru þeir vel að 3. sætinu komnir.

Búist var við því að Grindavík og Fylkir myndu blanda sér meira í baráttuna. Grindvíkingar náðu sér aldrei almennilega á strik, en

Fylkismönnum fataðist flugið eftir góða byrjun og töpuðu þeir 6 síðustu leikjum sínum í deildinni.

Baráttan um fallið var ekki síður spennandi en toppbaráttan. Þegar nokkrar umferðir voru eftir voru fjögur lið enn í mikilli fallhættu, KR, Fram, Valur og Breiðablik. Meistararnir árið 2000, KR-ingar, léku fimm síðustu leiki sína án þess að tapa og björguðu sér þannig, en Valsarar og Blikar náðu ekki að bjarga sér og leika því í 1. deild árið 2002. Akureyrarliðin Þór og KA skipuðu tvö efstu sæti 1. deildar 2001 og leika því í Símadeildinni á komandi tímabili.

AÐSÓKNARMETIÐ SLEGIÐ SVO UM MUNAÐI

Undanfarin ár hefur verið stöðug fjölgun áhorfenda á leikjum í Símadeild karla og eftir keppnistímabilið 2000 töldu menn að metið yrði ekki bætt í bráð, en það var slegið svo um munaði! Meðaltal áhorfenda á leikjum Símadeildarinnar 2001 var 1.076 manns, sem er aukning um 177 manns á leik frá því árinu áður! Alls mættu því 96.845 manns á alla leiki deildarinnar.

Heildaráhorfendafjöldinn milli ára jókst að þessu sinni um 15.908, voru tæplega 81.000 árið 2000. Að venju voru flestir áhorfendur á leikjum í Frostaskjólínu, eða 1.901 á leik, en næstir voru Fylkismenn með 1.610 áhorfendur að meðaltali. Fæstir áhorfendur voru á leikjum Keflavíkur (675) og ÍBV (685). Á útivöllum voru það KR-ingar sem drógu flesta áhorfendur að, en skammt undan voru Fylkir og ÍA. Töflu með nánari útlistun á áhorfendafjölda í deildinni má sjá í fylgiskýrslu.

FYRSTI STÓRI TITILL FYLKIS Í MEISTARAFLOKKI

Fylkir og KA mættust í úrslitaleik Coca-Cola bikarsins á Laugardalsvellinginum í lok september. Hlutskipti liðanna tveggja hafði verið ansi ólíkt á tímabilinu, en Fylkismenn töpuðu síðustu sex leikjum sínum í Símadeildinni og misstu þar með af möguleikanum á meistaratitlinum, á meðan KA hafði tryggt sæti sitt í Símadeildinni 2002 eftir hreinan úrslitaleik við Þrótt R. í síðustu umferð 1. deildar. Bæði lið léku á útivelli í undanúrslitum bikarsins, Fylkir sigraði ÍA uppi á Skipaskaga og KA lagði FH í Krikanum.

Það var sannkölluð hátíðarstemning í Laugardalnum þegar um 3.000 áhorfendur Fylkis og KA mættu til að hvetja sína menn til dáða. Bæði lið léku skemmtilega knattspyrnu og úr varð æsi-spennandi markaleikur. KA náði forystunni í tvígang, en Fylkismenn jöfnuðu jafnarðan. Staðan eftir venjulegan leiktíma og framlengingu var 2-2 og því þurfti að grípa til vítaspyrnukeppni. Markvörður Fylkis varði síðustu spyrnu Norðanmanna glæsilega og tryggði Árbæingum þannig fyrsta stóra titil félagsins í meistaraflokki og út brutust gríðarleg fagnaðarlæti.

Oft er talað um úrslitaleik Coca-Cola bikarsins sem hápunkt knattspyrnutímabilsins á Íslandi á hverju ári og á því varð engin breyting nú.

FJÓRTÁNDI TITILLINN HJÁ BLIKASTÚLKUM

Blikastúlkur fögnuðu 14. Íslandsmeistaratitli félagsins í meistaraflokki kvenna og þeim áttunda á síðustu 12 árum, en þær höfðu betur í baráttunni við erkifjendurnar í KR annað árið í röð. Lið ÍBV velgdi risunum tveimur undir uggum en vantaði herslumuninn til að geta blandað sér í baráttuna um titilinn af fullum krafti. Valur vakti

einnig nokkra athygli, en liðið er að mestum hluta byggt á ungum og efnilegum stúlkum sem munu eflaust láta mikið að sér kveða á komandi árum.

Athyglisvert er að skoða fjölda skoraðra marka hjá efstu liðum Símadeildar kvenna. Meistararnir, Breiðablik, skoruðu aðeins 37 mörk á meðan liðið í 2. sæti, KR, gerði meira en tvöfalt fleiri mörk, eða 76 talsins! Eyjastúlkur voru einnig duglegar við markaskorun, gerðu 53 mörk, og Valsstúlkur settu 39.

Í úrslitaleik Coca-Cola bikars kvenna mættust Breiðablik og Valur. Í undanúrslitum lögðu Blikastúlkur KR með einu marki gegn engu og Valsstúlkur sigruðu FH í Kaplakrikanum með fjórum mörkum gegn einu. Sjálfur úrslitaleikurinn var síðan háður á Laugardalsvellinginum og þar hafði Valur betur, en Hlíðarendastúlkur skoruðu tvö mörk gegn engu marki Blika. Þetta var 8. sigur Vals í bikarunum, en sá fyrsti síðan 1995.

BEINAR ÚTSENDINGAR

Sjónvarpsstöðin Sýn sýndi beint frá alls 19 leikjum Símadeildar karla 2001, en Ríkissjónvarpið sýndi frá fjórum leikjum, í 4., 16., 17. og 18. umferð, þannig að alls voru beinar útsendingar frá Símadeildinni 23 talsins, sem eru fleiri útsendingar en undanfarin ár. Árið 2000 var sýnt beint frá 21 leik, en 1999 og 1998 var sýnt beint frá 20 leikjum.

Úrslitaleikur Coca-Cola bikars karla var sýndur beint á RÚV, en Ríkissjónvarpið sýndi einnig beint annan undanúrslitaleik Coca-Cola bikarsins, auk leiks Þróttar R. og KA í lokaumferð 1. deildar karla. Sýn sýndi úrslitaleik Coca-Cola bikars kvenna í beinni útsendingu, auk leikja í 16-liða, 8-liða og undanúrslitum Coca-Cola bikars karla. Alls var því sýnt beint frá 6

leikjum í Coca-Cola bikar karla og kvenna, samanborið við 7 leiki, 2000, 8 leiki 1999 og 7 leiki 1998.

Samanlagt voru því 30 deildar- og bikarleikir sýndir beint í sjónvarpi á árinu.

BIKAR 2. FLOKKS KARLA Á LAUGARDALSVELLI

Úrslitaleikur í bikarkeppni 2. flokks karla fór fram á aðalleikvanginum í Laugardal, líkt og árið á undan. Um er að ræða næst elstu bikarkeppni á vegum KSÍ (hófst 1964) og er keppt um sama bikar og í upphafi. Það voru Keflavík og ÍA sem mættust í úrslitaleiknum og höfðu Skagamenn betur í hörkuleik, sigruðu með þremur mörkum gegn einu, eftir að hafa leitt með tveimur mörkum í leikhléi. Þetta var í 8. sinn sem ÍA sigrar í keppninni og í annað sinn á síðustu þremur árum.

KSÍ ANNAST DÓMGÆSLU Í 2. FLOKKI KARLA

KSÍ annaðist niðurröðun dómara í A-deild 2. flokks karla annað árið í röð, samkvæmt ósk félaganna deildinni, en skv. reglugerð KSÍ um knattspyrnumót er heimafélagið ábyrgt fyrir dómara. Dómaranefnd féllst á óskina og virðist þessi breyting vera að festa sig í sessi.

ERLENDUM LEIKMÖNNUM FJÖLGAR

Erlendum leikmönnum á Íslandi fer stöðugt fjölgandi. Síðastliðið keppnistímabil léku 23 erlendir leikmenn í Símadeild karla, 18 í 1. deild karla, 7 í 2. deild karla, 24 í 3. deild karla og 21 í Símadeild kvenna. Alls eru þetta 93 erlendir leikmenn sem er aukning um fjóra leikmenn í heildina frá því 2000, samanborið við 82 leikmenn árið 1999 og 65 leikmenn árið 1998.

Líkt og oft áður voru Leiftursmenn með flesta erlenda leikmenn, 9 talsins, en næstir komu Valsmenn með 6 leikmenn. ÍBV var með flesta erlenda leikmenn í kvenna-flokki, líkt og árið á undan, en 6 stúlkur af erlendu bergi brotnar léku með ÍBV í sumar.

Afar misjafnt er hversu lengi erlendir leikmenn staldra við hér á landi. Einhverjir eru hér allt árið, eins og t.d. hjá Grindavík, sumir leika hér bróðurpart leiktímabilsins, en fara og leika í öðrum löndum yfir vetrartímamann, en allt of margir leika hér aðeins örfáa leiki og hverfa síðan á braut af ýmsum ástæðum.

FJÖLGUN LEIKJA Í MÓTUM

Leikjum í mótum á vegum KSÍ fjölgaði verulega milli ára 2000 og 2001. Heildarfjöldi leikja 2001 var 4.213, sem er fjölgun um 460 leiki frá fyrra ári, en aldrei hafa svo margir leikir farið fram á vegum KSÍ á einu ári. Aukninguna má að mestu rekja til þess að á árinu var framboð á mótum aukið í nokkrum aldursflokkum. Mótanefnd gerir ráð fyrir að á árinu 2002 verði opnað fyrir fleiri þátttakendum, sérstaklega í yngstu flokkum, sem mun væntanlega þýða enn fleiri leiki.

BREYTING Á POLLA- OG HNÁTUMÓTUM

Polla- og Hnátumót KSÍ og Símans fóru fram með öðru sniði en undanfarin ár. Engin úrslitakeppni var haldin, en þess í stað léku öll liðin í tveimur sjálfstæðum hraðmótum. Ekki voru krýndir sigurvegarar þessara móta, heldur var markmiðið að gefa sem flestum tækifæri á að vera með. Reynt var að koma í veg fyrir að liðin mættu sömu mótherjum í báðum mótum.

OPIN MÓT FÉLAGA

Auk móta KSÍ og annarra héraðsmóta fara fram mörg önnur mót á hverju sumri. Á síðasta ári voru haldin 23 opin mót víðs vegar um landið. Um er að ræða svokölluð hraðmót, sem oftast eru leikin á einni helgi og mismunandi er hvaða flokkar það eru sem taka þátt, allt frá 7. flokki karla og 6. flokki kvenna upp í eldri flokk karla. Opnum mótum fækkaði reyndar um eitt frá árinu 2000, en þó hefur þessum mótum fjölgað jafnt og þétt undanfarin ár og vonandi mun sú þróun halda áfram, þar sem verkefni vantar oft, sérstaklega í yngstu flokkunum.

SKRÁNING Í MÓT

Nokkuð er um að félög tilkynni lið til þátttöku í mótum yngri flokka, en þegar á reynir er ekki nægilegur fjöldi iðkenda á bak við skráninguna. Þá reynist nauðsynlegt að draga liðið úr móti og getur þá skipting í riðla og niðurröðun riðlast, sem bitnar á öðrum félögum. Þó fullur skilningur sé á því að aðstæður geti breyst, sérstaklega í smáum byggðarlögum, er lögð áhersla á að félögin vandi skráningar í mót eftir bestu getu.

EKKI MÆTT TIL LEIKS

Alltof oft kemur fyrir að félög mæti ekki til leiks í yngri flokkum og er þá beitt sektarákvæðum samkvæmt reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Tveimur liðum var vísað úr móti á árinu samkvæmt sömu reglugerð þegar lið mættu ekki til leiks 2 leikdaga. Lögð er mikil áhersla á að forráðamenn félaga sýni ábyrgð í þessu sambandi.

FYRIRKOMULAG MÓTA

Skipulagning móta byggðist á svipuðum forsendum og áður. Við niðurröðun deildar- og bikarleikja karla var tekið tillit til A og U21 landsleikja og leikja í Evrópukeppnum félagsliða. Drætti í töfluröð í Símadeild karla var stýrt þannig að leikdagar í Evrópukeppnum yllu minni frávikum í leikjaröð. Við niðurröðun deildar- og bikarleikja kvenna var tekið verulegt tillit til landsleikja allra aldursflokka og mót yngri aldursflokka voru skipulögð með hefðbundnum hætti.

LEIKMENN ÓSKA EFTIR BREYTINGUM

Á leiktíðinni 2001 komu fram óskir leikmanna úr félögunum í Símadeild karla um breytta leikdaga, þannig að leikir yrðu ekki á sunnudögum og mánudögum. Engir forystumenn leikmanna óskuðu eftir upplýsingum hjá KSÍ um þær forsendur sem niðurröðun deildarinnar byggðist á. Mótanefnd mun meta þessar óskir leikmanna fyrir leikárið 2002, sérstaklega með júlímánuð í huga. Fullt samráð verður haft við forystumenn knattspyrnufélaganna, sem bera alla ábyrgð á rekstri félaganna, ekki síst hina fjárhagslegu ábyrgð.

Mótanefnd varar við fljótfærni í breytingum á niðurröðun leikja í meistaraflokki. Núverandi skipulag á mótahaldi KSÍ hefur þróast um nokkurra ára skeið og tekur tillit til heildarhagsmuna íslenskrar knattspyrnu.

NÝTT MÓTAKERFI

KSÍ tók í notkun nýtt mótakerfi í febrúar 2001, sem bylti algjörlega öllu mótastarfi. Kerfið heldur utan um mót, upplýsingar um félög og félagsmenn, dómara, samninga leikmanna, félagaskipti, þjálfara, o.fl. Nýjar upplýsingar sem skráðar

eru í mótakerfi KSÍ uppfærast jafnóðum á www.ksi.is. Í byrjun mars var svo öllum félögum veittur aðgangur að heimasíðu KSÍ þar sem þau m.a. sjá sjálf um að skrá inn úrslit leikja og leikskýrslur.

BESTU OG EFNILEGUSTU LEIKMENN

Skagamaðurinn knái, Gunnlaugur Jónsson, var kjörinn leikmaður ársins í Símadeild karla 2001, en úrslit voru kunngerð á lokahófi KSÍ. Efnilegasti leikmaður Símadeildar karla var kosinn Grétar Rafn Steinsson, einnig úr ÍA. Gunnlaugur og Grétar Rafn voru lykilmenn í liði Íslandsmeistara ÍA, Gunnlaugur sem klettur í vörninni og Grétar sem máttarstólpi á miðjunni.

KR-ingurinn Olga Færseth var kosin besti leikmaður Símadeildar kvenna og Dóra Stefánsdóttir úr Val sú efnilegasta. Olga lék sérlega vel með KR, fór fyrir sínu liði og skoraði mikið af mörkum. Dóra kom fram á sjónarsviðið í sumar með góðri frammistöðu í ungu og efnilegu liði Vals og sýndi að þar er mikið efni á ferð.

Bestu og efnilegustu leikmenn Símadeilda karla og kvenna eru valdir í kosningu meðal leikmanna deildanna.

OLGA MARKAHÆST Í 5. SINN

Olga Færseth varð markadrottning Símadeildar kvenna í fimmta skipti og í fjórða skiptið á síðustu fimm árum. Hjörtur Hjartarson, ÍA, var markahæsti leikmaður Símadeildar karla. Fengu þau að launum afhenta gullskó Adidas á lokahófi knattspyrnumanna á Broadway.

Olga lék alla 14 leiki KR í Símadeild kvenna og gerði 28 mörk, eða tvö mörk í leik að

meðaltali, og bar hún höfuð og herðar yfir aðra sóknarmenn í deildinni hvað markaskorun varðar. Næstmarkahæst var Pauline Hamill, leikmaður ÍBV, með 15 mörk og þar á eftir komu þær Hrefna H. Jóhannesdóttir, KR, og Bryndís Jóhannesdóttir, ÍBV, sem báðar gerðu 14 mörk.

Hjörtur gerði 15 mörk fyrir ÍA í Símadeild karla og hafði nokkuð forskot á næstu menn. Ásmundur Arnarsson gerði 10 mörk fyrir Fram, en þeir Grétar Hjartarson, Grindavík, og Þórarinn Kristjánsson, Keflavík, gerðu níu mörk hvor fyrir sín lið.

HÁTTVÍSIVERÐLAUN VISA

Háttvísiverðlaun KSÍ og VISA voru sem fyrr veitt þeim leikmönnum og félagsliðum sem þóttu hvað þrúðust á undangengnu tímabili. Í Símadeild karla byggjast þrúðmennskuverðlaun til liða á einkunnagjöf eftirlitsmanna á leikjunum, en í Símadeild kvenna er stuðst við fjölda spjalda á lið. Háttvísinefnd valdi Róbert Magnússon, FH, þrúðasta leikmanninn í Símadeild karla og Margréti Ákadóttur, Breiðabliki, þrúðasta leikmanninn í Símadeild kvenna. Róbert og Margrét eru bæði þekkt fyrir þrúðmennsku og háttvísi innan vallar sem utan. Fylkir og Breiðablik voru með þrúðustu liðin, Fylkir í Símadeild karla og Breiðablik í Símadeild kvenna. Fylkir hlaut verðlaunin annað árið í röð, en Breiðablik í þriðja sinn á jafnmörgum árum.

Fylkismenn fengu mun færri gul spjöld en flest önnur lið í Símadeild karla, en fengu þó tvö rauð spjöld, og Breiðabliksstúlkurnar fengu aðeins 1 gult spjald í 14 leikjum í Símadeild kvenna og ekkert rautt spjald, sem er einstakur árangur og til mikillar fyrirmyndar. Þess má geta að þetta var einungis annað

gula spjalðið sem Breiðablik hefur fengið á síðustu tveimur árum í Símadeildinni.

Breiðablik fékk flest refsistig í Símadeild karla, 30 gul spjöld og 5 rauð, en KR fékk 33 gul spjöld auk tveggja rauðra. Lið Fylkis var þrúðast inni á vellinum, en reyndar voru FH og Keflavík einu liðin sem ekki fengu rautt spjald í leikjum deildarinnar.

Gulum spjöldum fjölgaði um 17 milli ára í Símadeild kvenna á meðan rauðum spjöldum fækkaði úr 8 árið 2000 í 2 á síðasta tímabili. Í Símadeild karla fækkaði gulum spjöldum um heil 69 milli ára og rauðum spjöldum fækkaði úr 32 í 20. Rauðum spjöldum fækkaði um 6 í 1. deild karla á meðan fjölgaði um 2 rauð í 2. deild karla.

Meðaltal gulra og rauðra spjalda samanlagt í öllum mótum lækkaði umtalsvert milli síðustu tveggja ára. Meðaltal gulra spjalda lækkar frá 2,10 niður í 1,83 og meðaltal rauðra úr 0,24 í 0,20. Sem fyrr eru þrúðustu liðin ofarlega á stigatöflum í deildakeppnum, til dæmis Breiðablik í Símadeild kvenna og Þór í 1. deild karla. Sérstakt yfirlit yfir gul og rauð spjöld má sjá í fylgiskýrslu.

KRISTINN VALINN BESTI DÓMARINN Í 6. SINN

Kristinn Jakobsson var kjörinn besti dómari í Símadeild karla í 6. sinn í kjöri leikmanna. Er þetta 3. árið í röð sem Kristinn hlýtur þessa útnefningu, en viðurkenningin var nú afhent í 9. sinn. Í þau skipti sem Kristinn hefur ekki borið sigur úr býtum hefur Gylfi Orrason verið útnefndur.

ENGIN MÁL TIL SAMNINGA- OG FÉLAGASK.NEFNDAR

Samninga- og félagaskiptanefnd fékk ýmis smærri ágreiningsmál til úrlausnar á árinu, án þess að um formlegt málskot væri að ræða, sem nefndarmenn og starfsmenn KSÍ leystu. Var nefndin aldrei kölluð saman á árinu til þess að leysa úr ágreiningi og er þetta einsdæmi í störfum nefndarinnar.

FÆRRI SAMNINGAR SKRÁÐIR EN ÁÐUR

Fjöldi samninga sem skráðir voru á árinu hjá félögum í Símadeild karla var svipaður og árið áður, eða 119 miðað við 117 árið 2000. Þróunin virðist vera sú að félögin hafi nú færri leikmenn á samningi en áður tíðkaðist, en árið 1999 var 151 samningur skráður hjá félögum í deildinni.

VENSLASAMNINGAR

Á knattspyrnuþinginu 2001 var samþykkt tillaga um svokallaða venslasamninga, sem veittu tveimur félögum sem gerðu samning, einu úr efri deild og einu úr neðri deild, meiri sveigjanleika í félagaskiptum sín á milli en ella. Alls voru skráðir 10 venslasamningar:

- Grindavík og GG
- Fram og Haukar
- Fylkir og Afturelding
- Tindastóll og Hvöt
- Þróttur R. og Úlfarnir
- Keflavík og Njarðvík
- Þór og Völsungur
- ÍBV og KFS
- KA og Nökkvi
- KR og Fjölnir

FÉLAGASKIPTI Á ÁRINU

Fjöldi félagaskipta 2001 var 1.096, sem er mjög svipaður fjöldi og undanfarin ár. Árið 1999 voru félagaskiptin 1.043 en árið 2000 voru þau 1.105 talsins. Í nokkrum tilfellum á síðastliðnu ári þurfti

starfsfólk nefndarinnar að grípa inn í mál þar sem forráðamenn félaga neituðu leikmönnum um félagaskipti og í einu tilfelli gaf stjórn KSÍ út keppnisleyfi.

NÝJAR REGLUR UM FÉLAGASKIPTI

Þann 1. september 2001 tók gildi ný reglugerð frá FIFA varðandi samninga og félagaskipti leikmanna. Ýmislegt í þeirri reglugerð verður KSÍ að taka upp í sínum reglugerðum og mun þessi breyting hafa viðtæk áhrif á félagaskipti leikmanna. Vinna við aðlögun reglugerðar FIFA að reglugerðum KSÍ hefur verið í höndum milliþinganefndar.

EIÐUR OG OLGA KNATTSPYRNUFÓLK ÁRSINS

KSÍ útnefndi Eið Smára Guðjohnsen, leikmann Chelsea í Englandi, knattspyrnumann ársins 2001 og Olgu Færseth, leikmann KR, knattspyrnukonu ársins 2001.

Eiður Smári Guðjohnsen er í dag lykilmáður í íslenska landsliðinu og félagsliði sínu, Chelsea, sem er eitt sterkasta lið ensku úrvalsdeildarinnar. Eiður hóf feril sinn í meistaraflokki með Val árið 1994, þá 16 ára gamall. Síðan lá leiðin til Hollands þar sem hann lék með sterku liði PSV Eindhoven. Ferill Eiðs Smára var í hættu um tíma þegar hann meiddist illa í leik með U18 liði Íslands gegn Írum, en hann sigraðist á meiðslunum, lék nokkra leiki með KR 1998 og hélt því næst til Englands, þar sem hann lék með Bolton við góðan orðstír, en var seldur til Chelsea fyrir leiktímabilið 2000/2001. Eiður skoraði 10 mörk í úrvalsdeildinni á sínu fyrsta leiktímabili og er nú að festa sig í sessi í liði Chelsea. Hann hefur leikið 16 landsleiki fyrir Íslands hönd og skorað í þeim 3 mörk.

Olga Færseth er án nokkurs vafa einhver mesti markaskorari íslenskrar knattspyrnu fyrir og síðar. Hún var valin leikmaður ársins af leikmönnum Símadeildar kvenna 2001, gerði 28 mörk í 14 leikjum deildarinnar, eða tvö mörk í leik að meðaltali, og varð markadrottning í fimmta sinn á síðustu átta árum. Að auki skoraði Olga þrjú mörk í þremur leikjum fyrir íslenska kvennalandsliðið á árinu, þar á meðal tvö glæsileg mörk gegn Ítalíu í eftirminnilegum 2-1 sigri í undankeppni HM á Laugardalsvelli. Olga hefur gert 169 mörk í 124 leikjum í efstu deild og hún hefur leikið alls 30 landsleiki og skorað í þeim sjö mörk.

SIGURVEGARAR Í MÓTUM MEISTARAFLOKKA

Íslandsmeistarar karla

| | |
|-----------|-------------|
| 22 sinnum | KR |
| 19 sinnum | Valur |
| 18 sinnum | Fram, ÍA |
| 5 sinnum | Víkingur R. |
| 4 sinnum | Keflavík |
| 3 sinnum | ÍBV |
| 1 sinni | KA |

Bikarmeistarar karla

| | |
|-----------|-----------------------|
| 10 sinnum | KR |
| 8 sinnum | ÍA, Valur |
| 7 sinnum | Fram |
| 4 sinnum | ÍBV |
| 2 sinnum | Keflavík |
| 1 sinni | Fylkir, ÍBA, Víkingur |

Íslandsmeistarar kvenna

| | |
|-----------|---------------|
| 14 sinnum | Breiðablik |
| 4 sinnum | FH, KR, Valur |
| 3 sinnum | ÍA |
| 1 sinni | Ármann |

Bikarmeistarar kvenna

| | |
|----------|------------|
| 8 sinnum | Breiðablik |
| 8 sinnum | Valur |
| 4 sinnum | ÍA |
| 1 sinni | KR |

DÓMARAMÁL

BREYTINGAR HJÁ DÓMURUM

Í ársbyrjun 2001 færðist Erlendur Eiríksson upp í A-hóp dómara, Kristján Sigurðsson, Leiknir Ágústsson og Róbert Óttarsson færðust upp í B-hóp og Gunnar Sverrir Gunnarsson kom nýr inn í C-hóp ásamt Jóhanni Gunnarssyni aðstoðardómara. Alls voru 37 dómarar flokkaðir í A-, B- og C-hópina 2001.

Eyjólfur M. Kristinsson dæmdi ekkert á vegum KSÍ árið 2001 vegna náms í Danmörku. Róbert Óttarsson flutti til Danmerkur í byrjun ágúst. Aðstoðardómararnir Ingvar Guðfinnsson og Þórður Ingi Guðjónsson störfuðu lítið vegna meiðsla og lét Þórður Ingi alfarið af dómarastörfum um vorið. Pjetur Sigurðsson var frá störfum um langt skeið vegna meiðsla og gat því ekki sinnt milliríkjastörfum. Ársæll Steinmóðsson færðist í D-hóp í byrjun ágúst.

Magnús Þórisson hefur þegar verið færður upp í A-hóp landsdómara 2002 og Svanlaugur Þorsteinsson upp í B-hóp. Einar Sigurðsson og Guðmundur H. Jónsson verða A-aðstoðardómarar 2002.

KRISTINN VALINN Í HÆFILEIKAHÓP DÓMARA

Kristinn Jakobsson var valinn í hæfileikahóp ungra dómara í Evrópu. Hann sótti undirbúningsfund UEFA, fékk fyrirmæli um tungumálanám og áætlun um líkamsæfingar, sem UEFA fylgdi sérstaklega eftir, og hlaut fleiri erlend verkefni en áður. Kristinn var m.a. valinn til að dæma í úrslitakeppni Evrópumóts U16-landsliða í Englandi í apríl og í úrslitakeppni Heimsmeistaramóts

U17-landsliða sem fram fór í Trinidad & Tobago í september 2001. Hann dæmdi einnig A-landsleik Írlands og Andorra í Dublin í undankeppni HM.

ÆFINGAFERÐIR

Líkt og undanfarin ár fóru dómarar frá KSÍ í æfingaferðir til útlanda og dæmdu þá æfingaleiki hjá íslenskum liðum sem eru í æfingabúðum á svipuðum slóðum. Óvenju margir dómarar voru sendir í æfingaferðir til útlanda að þessu sinni, en alls fóru sjö dómarar til Portúgals á vegum KSÍ og Úrvals/Útsýnar og fjórir til Spánar á vegum KSÍ og Samvinnuferða.

LANDSDÓMARARÁÐSTEFNA

Landsdómararáðstefna KSÍ fyrir A, B og C dómara var haldin í Borgarnesi að vanda í lok apríl. Aðalgestur ráðstefnunnar var UEFA-leiðbeinandinn Cees Bakker frá Hollandi.

AÐRIR FUNDIR

Fræðslufundir voru haldnir í Reykjavík, á Akureyri og á Reyðarfirði með öðrum KSÍ-dómurum en A, B og C mönnum. Fundur var haldinn með fremstu aðstoðardómurum KSÍ í tengslum við leik ÍA og Club Brugge í ágúst. Sérstakur fundur var einnig haldinn með efnilegum dómurum í tengslum við úrtökumót KSÍ að Laugarvatni. Þá sátu Eysteinn Guðmundsson, Ingi Jónsson og Kári Gunnlaugsson fund norrænu dómaranefndanna sem haldinn var í Danmörku í lok ágúst.

ÍSLENSKIR DÓMARAR Á A OG U21 LANDSLEIKJUM

Kristinn Jakobsson dæmdi A-landsleik Írlands og Andorra í

undankeppni HM, U21 vináttu-landsleik Hollands og Englands og U21 leik Frakklands og Spánar í undnakeppni EM, Egill Már Markússon dæmdi U21 leik Eistlands og Hollands í undankeppni EM og Bragi Bergmann dæmdi U21 leik Júgóslavíu og Lúxemborgar í undankeppni EM. Alþjóðleg verkefni íslenskra dómara árið 2001 koma fram í fylgiskýrslu.

MIKILL FJÖLDI VERKEFNA Á HVERJU ÁRI

A, B og C deildardómarar sáu um 1125 störf í meistaraflokki karla og kvenna (1144 árið áður), 556 sinnum sem dómarar og 569 sinnum sem aðstoðardómarar. Að auki koma störf sem varadómarar, alþjóðleg verkefni, leikir á vegum félaga, leikir í úrslitakeppnum yngri flokka, æfingaleikir og innanhússmót. Sérstakt yfirlit í fylgiskýrslu sýnir nöfn og flokkun dómara, ásamt sundurliðuðum fjölda verkefna í meistaraflokki árið 2001.

70 aðrir dómarar (D-dómarar) störfuðu einnig við meistaraflokksleiki, þar sem landsdómara er ekki krafist, bæði fyrir KSÍ og beint fyrir félögin.

DÓMARANÁMSKEIÐ

Unglingadómaranámskeið voru nú með breyttum hætti og voru að mestu leyti heimanám með aðstoð internetsins. Nemendur fengu þrisvar sinnum sent lesefni og ábendingar í tölvupósti ásamt heimaverkefnum. Að lokum voru 2 kennslustundir með kennara og lokapróf haldið í Reykjavík, en nemendur á smærri stöðum tóku próf í heimabyggð. Haldin voru námskeið í febrúar, apríl og nóvember og alls luku um 140 dómaraefni unglingadómaraprófi árið 2001.

LANDSLIÐSMÁL

MISJAFNT GENGI

A landslið karla var mikið í sviðsljósinu á síðastliðnu ári vegna misjafns gengis í leikjum liðsins. Lengi vel var liðið í mikilli baráttu um sæti í umspili sem myndi gefa möguleikann á sæti í lokakeppni HM 2002, en slæm tölur í síðustu tveimur leikjum liðsins í undankeppninni gerðu þær vonir að engu og skyggðu í raun á árangur liðsins í keppninni fram að því. Sigurinn á Tékkum á Laugardalsvelli í byrjun september var einn sá glæsilegasti í íslenskri knattspyrnu-sögu og verður lengi í minnum hafður á meðal íslenskra knattspyrnuunnenda, sem og leikurinn gegn Dönum í Kaupmannahöfn rúmum mánuði síðar, en af allt öðrum ástæðum.

A landslið kvenna byrjaði vel í undankeppni HM 2003, en liðið er í afar sterkum riðli. Yngri landsliðin stóðu sig vel á árinu, U19 karla var óheppið að komast ekki áfram úr sínum riðli í EM og stúlkurnar í U19 kvenna sigruðu hvern leikinn á fætur öðrum og náðu í 16-liða úrslit EM.

A LANDSLIÐ KARLA

Í byrjun ársins ferðaðist liðið til Indlands, þar sem það tók þátt í Sahara Millennium Cup, sem landslið víðs vegar að úr heiminum tóku þátt í. Fæst landanna gátu þó stillt upp sínu sterkasta liði og þar á meðal var Ísland, þannig að liðið var á mótið sem kjörið tækifæri til þess að leyfa yngri mönnum og leikmönnum sem spila í deildinni hér heima að spreyta sig. Í riðlakeppni mótsins var leikið gegn Uruguay og heimamönnum Indverjum. Uruguay hafði betur gegn okkar mönnum, 1-2, en Indverjar voru lagðir 3-0, með þrennu frá

Tryggva Guðmundssyni. Í 8-liða úrslitum mættum við Chile, sem reyndust of sterkir, og var okkar lið slegið út úr keppninni með 2-0 sigri Suður-Ameríkumannanna. Liðið lék einn vináttulandsleik til viðbótar á árinu, gegn Pólverjum í Reykjavík í ágúst, og varð niðurstaðan 1-1 jafntefli.

Forkeppni HM 2002 hélt áfram á árinu og lauk sl. haust. Fyrst lék liðið gegn Búlgaríu á útivelli og beið ósigur, 1-2. Því næst komu tveir sigurleikir gegn Möltu úti og heima (4-1 og 3-0) áður en liðið gerði 1-1 jafntefli við Búlgara á heimavelli. Næst vannst glæsilegur 3-1 sigur á liði Tékkna á heimavelli, þar sem liðið var frábærlega stutt af áhorfendum líkt og endranær, og var þá raunverulegur möguleiki á að krækja í annað af tveimur efstu sætum riðilsins, sem hefði leitt til áframhaldandi þátttöku í keppninni. Því miður töpuðust þeir tveir leikir sem eftir voru á útivelli, gegn Norður-Írum 0-3 og Dönum 0-6 og var því ævintýrið úti að þessu sinni. Liðið hafnaði í fjórða sæti riðilsins með 13 stig. Efstir voru Danir með 22 stig, næstir komu Tékkar með 20 og svo Búlgarar með 17. Norður-Írar fengu 11 stig og Möltumenn eitt stig.

U21 LANDSLIÐ KARLA

Undankeppni Evrópumóts U21 landsliða hélt áfram á árinu og voru spilaðir 7 leikir í riðlinum, en engir vináttuleikir voru á döfni. Fyrst var haldið til Búlgaríu þar sem liðið beið lægri hlut fyrir heimamönnum 1-0. Úr næstu þremur leikjum fengust 7 stig, 1-1 jafntefli gegn Möltu úti, 3-0 sigur á sama liði á KR-velli og svo 3-2 sigur gegn Búlgörum á Akranesi. Því miður tapaðist næsti leikur heima gegn Tékkum 0-1 þar sem leikið var í miklu roki í Grindavík, en síðan vann liðið góðan útsigur á Norður-Írum 3-1, eftir að hafa verið 0-1 undir í hálfleik. Lokaleikurinn gegn

Dönum úti tapaðist svo 0-4. Ellefu stig úr 10 leikjum var því uppskeran og fjórða sætið í riðlinum. Efstir voru Tékkar með 27 stig, Búlgarar fengu 18, Danir 15, Norður-Írar 8 og Möltumenn 4 stig.

U19 LANDSLIÐ KARLA

Í byrjun október var leikinn vináttuleikur gegn Englendingum í York, sem lauk með 2-0 sigri heimamanna. Íslenska liðið stóð sig vel í leiknum og átti skilið að skora a.m.k. eitt mark, en m.a. fór vítaspyrna forgörðum.

Undanriðill Evrópumótsins fór fram í Tékklandi um miðjan október. Okkar piltar stóðu sig vel og voru óheppnir að komast ekki áfram. Jafntefli varð í fyrsta leik gegn Tékkum, 2-2, en íslenska liðið var betri aðilinn í leiknum og hefði átt skilið að sigra. Annar leikurinn var gegn Andorra, en þar var nánast eitt lið á vellinum og 7-0 sigur vannst. Hannes Sigurðsson gerði þrennu í leiknum. Fyrir lokaleiki riðilsins voru Ísland og Tékkland jöfn að stigum og ljóst að annað hvort þeirra myndi vinna riðilinn og tryggja sér áframhaldandi þátttöku í mótinu. Íslenska liðið gerði sitt með því að vinna Úkraínu 1-0 en á sama tíma unnu Tékkar lið Andorra 13-0 og tryggðu sér þannig sigur í riðlinum á markatölu.

U17 LANDSLIÐ KARLA

Opna Norðurlandamótið og undankeppni EM voru verkefni U17 liðs karla á síðasta ári líkt og undanfarin ár.

Opna NM fór að þessu sinni fram á Jótlandi í Danmörku í byrjun ágúst og var íslenska liðið í riðli með Slóvakíu, Dönum og Svíum. Allir leikir riðilsins töpuðust, 1-3 gegn Slóvakíu, 1-5 gegn heimamönnum og 1-2 gegn Svíþjóð. Það var því

hlutskipti okkar að spila við Færeyinga um sjöunda sætið á mótinu og þar höfðu okkar drengir betur í vítaspyrnukeppni eftir 2-2 jafntefli. Danir urðu Norðurlanda-meistarar.

Í undanriðli EM var leikið í höfuðborg Eistlands, Tallinn, í lok september, en auk Íslands og heimamanna voru Pólverjar og Norðmenn í riðlinum. Gestgjafarnir voru lagðir 4-0 í fyrsta leik, en næsti leikur, gegn sterku liði Pólverja, tapaðist 0-2. Loka-leikurinn var gegn Norðmönnum og skoraði Hjálmar Þórarinnsson öll mörk Íslands í 3-1 sigri. Pólverjar unnu riðilinn, fengu 9 stig, íslenska liðið varð í öðru sæti með 6 stig, Norðmenn fengu 3 stig og Eistar ekkert.

ÖNNUR VERKEFNI

Á haustmánuðum komu Svíar hingað til lands með landslið sitt skipað leikmönnum fæddum 1984 og síðar og lékum við tvo leiki gegn þeim, dagana 11. og 13. september. Fyrri leikurinn fór fram á Akranesi og fór 4-1 fyrir Svía en sá síðari í Mosfellsbæ og lauk honum með markalausum jafntefli. Þarna léku strákar sem verða hlutgengir í unglingslandsliðið á næsta ári og þessir leikir því góður undirbúningur fyrir verkefni ársins 2002.

Frakkar komu svo með lið skipað leikmönnum fæddum 1986 og síðar og lékum við einn leik við þá í Garði í lok september. Frakkarnir voru mun betri og unnu leikinn 4-0, en þetta yngsta landslið okkar sem verður löglegt í drengjalandsliðið á næsta ári sýndi ágæta spretti.

ÚRTÖKUMÓT

Hið árlega úrtökumót fór fram að Laugarvatni í ágúst. Þar komu

saman tæplega 70 drengir og fór mótið vel fram. Úrtökumót þetta er haldið vegna vals á drengjum sem eru gjaldgengir í drengjalandsliðið 2002 og mun hluti þessa hóps koma saman til æfinga í vetur.

ÞJÁLFAVARAR KARLALANDSLIÐA

Ráðið var í stöður þjálfara allra fjögurra karlalandsliða í nóvember síðastliðnum. Atli Eðvaldsson var endurráðinn sem þjálfari A landsliðs Íslands, Ólafur Þórðarson, þjálfari Íslandsmeistara ÍA, tók við U21 liðinu af Sigurði Grétarssyni, Guðni Kjartansson heldur áfram með U19 landsliðið, en hann hefur stjórnað því frá árinu 1992, og Magnús Gylfason heldur áfram með U17 landsliðið, sem hann hefur stjórnað frá árinu 1998.

Þá ákvað KSÍ að fjölga landsliðsþjálfurum karla um einn og mun hann taka að sér að fylgjast með og þjálfar 14 og 15 ára leikmenn. Það var Freyr Sverrisson sem var ráðinn til starfsins og í því mun meðal annars felast stjórn á árlegum knattspyrnuskóla og úrtökumóti KSÍ. Með þessu hyggst KSÍ byrja fyrr og skipulegar að kortleggja unga og efnilega knattspyrnumenn þjóðarinnar.

NM A-LANDSLIÐA KARLA

Norðurlandamóti A landsliða karla lauk í byrjun ársins. Finnar tryggðu sér sigur í mótinu með því að leggja Svía í síðasta leik. Ef Finnum hefði ekki tekist að sigra Svía hefði Ísland hafnað í efsta sæti vegna hagstæðra úrslita í innbyrðis viðureign Íslands og Finnlands, en eini leikurinn sem Finnar töpuðu í mótinu var einmitt gegn Íslandi á La Manga í febrúar 2000.

Einn leikur fór ekki fram í mótinu, leikur Noregs og Færeyja, og vekur

það upp spurningar um framtíð mótsins. Forystumenn knattspyrnu-sambanda á Norðurlöndum hafa ekki skotið fyrir það loku að mótið verði haldið að nýju, en þá sennilega með breyttu fyrirkomulagi.

Lokastaðan

| Lið | L | U | J | T | Mörk | Stig |
|--------------|---|---|---|---|------|------|
| 1. Finnland | 5 | 4 | 0 | 1 | 7-3 | 12 |
| 2. Ísland | 5 | 3 | 1 | 1 | 7-5 | 10 |
| 3. Danmörk | 5 | 2 | 0 | 3 | 7-8 | 6 |
| 4. Noregur* | 4 | 1 | 2 | 1 | 6-6 | 5 |
| 5. Svíþjóð | 5 | 1 | 2 | 2 | 3-4 | 5 |
| 6. Færeyjar* | 4 | 0 | 1 | 3 | 2-6 | 1 |

* Leikur Færeyja og Noregs fór ekki fram

UM 2.000 ÍSLENDINGAR Á PARKEN

Mikil stemmning var fyrir leik Danmerkur og Íslands í undankeppni HM, sem fram fór á Parken í Kaupmannahöfn í byrjun október. Uppselt var á völlinn, sem tekur 41.752 áhorfendur, og á meðal þeirra voru um 2.000 Íslendingar. Sennilega hafa svo margir Íslendingar aldrei áður verið saman komnir á nokkrum viðburði erlendis og því er ljóst að þessi atburður verður skráður í sögu-bækurnar, ekki bara af knattspyrnulegum ástæðum.

TÆPLEGA 50 LEIKMENN MEÐ ERLENDUM LIÐUM

Í dag eru um 50 Íslendingar atvinnumenn með erlendum liðum. Flestir leika á Englandi (16) og í Noregi (14), en íslenskir leikmenn eru einnig hjá liðum í Austurríki, Belgíu, Danmörku, Hollandi, Skotlandi, Spáni, Svíþjóð og Þýskalandi.

RIKKI 3. MARKAHÆSTUR FRÁ UPPHAFI

Ríkharður Daðason skoraði tvö mörk fyrir íslenska landsliðið á

síðasta ári. Hann skoraði fyrri mark sitt gegn Möltu í 3-0 sigri á Laugardalsvöllinum og hið seinna gerði hann í 1-1 jafntefli gegn Búlgörum fjórum dögum síðar, á sama velli. Ríkharður hefur nú gert alls 12 mörk fyrir A-landslið karla og er kominn í 3. sæti yfir markahæstu leikmenn íslenska landsliðsins frá upphafi. Fyrir ofan Rikka eru afi hans, Ríkharður Jónsson, með 17 mörk og Arnór Guðjohnsen með 14 mörk. Ríkharður á væntanlega enn nokkur ár eftir með landsliðinu og mun hann því að öllum líkindum gera harða hrið að meti afa síns og nafna áður en yfir lýkur.

ARNAR YFIR 50 LEIKI

Arnar Grétarsson, leikmaður með Lokeren í Belgíu, náði þeim áfanga að leika 50. A-landsleik sinn á árinu, en hann hefur nú leikið alls 57 landsleiki og gert í þeim 2 mörk. Í tilefni áfangans fær Arnar sérhannað listaverk að gjöf í viðurkenningarskyni.

Tryggvi Guðmundsson, leikmaður Stabæk í Noregi, og Auðun Helgason, leikmaður Lokeren í Belgíu, náðu þeim áfanga á árinu að leika sinn 25. A-landsleik. Af því tilefni fengu þeir félagar gullúr frá KSÍ í viðurkenningarskyni.

FYRSTUR Í 100 LEIKI?

Rúnar Kristinsson, leikmaður með Lokeren í Belgíu, setur nýtt met með hverjum landsleiknum sem hann tekur þátt í. Rúnar lék sinn fyrsta A-landsleik í október 1987, er hann kom inn á sem varamaður í 2-0 tapi gegn liði Sovétríkjanna í Simferopol, þá 18 ára gamall. Á árinu rauf Rúnar 90 leikja múrinn, en hann hefur nú leikið 92 leiki og skorað í þeim 3 mörk.

Rúnar á mikla möguleika á að verða fyrsti Íslendingurinn til að rjúfa 100 leikja múrinn, en sennilega myndi það gerast árið 2003, þar sem landsliðið mun leika 8 leiki í undankeppni EM 2004 á næstu tveimur árum, auk vináttulandsleikja. Rúnar er lykilmaður í íslenska landsliðinu og mun væntanlega vera það áfram næstu ár.

BJARNI ORÐINN LEIKJAHÆSTUR Í U21

Bjarni Guðjónsson lék 20. leik sinn fyrir U21 landsliðið á árinu og sló þar með leikjamet Péturs Marteinsonar, sem lék 19 leiki fyrir liðið á árunum 1992-1995. Bjarni lék fyrst fyrir U21 árið 1996. Á eftir þeim félögum kemur Sigurvin Ólafsson með 18 leiki og fast á hæla hans fylgja Arnar Þór Viðarsson og Reynir Leósson með 17 leiki.

ÍSLAND Í 52. SÆTI Á STYRKLEIKALISTA FIFA

Ísland var í 52. sæti á styrkleikalista FIFA í lok ársins 2001, sem gefinn var út í desember síðastliðnum og fer því upp um tvö sæti frá árinu áður. Heims- og Evrópumeistarar Frakka eru efstir, Argentínumenn í 2. sæti og Brasilíumenn í því þriðja. Ef eingöngu Evrópuþjóðir eru teknar með í reikninginn er Ísland í 27. sæti meðal Evrópuþjóða.

A-LIÐ KARLA UPP UM STYRKLEIKAFLOKK

Knattspyrnusamband Evrópu gaf út nýja röðun í styrkleikaflokka fyrir undankeppni EM 2004. Dregið var í riðla í Portúgal 25. janúar síðastliðinn, en þar verður loka-keppnin einmitt haldin, og er Ísland í riðli með Þýskalandi, Skotlandi, Litháen og Færeyjum. Nú er ljóst

að Ísland hefur hækkað um einn styrkleikaflokk frá því sem áður var og er nú í 3. flokki, sem þýðir að möguleikarnir á að komast í loka-keppni stórmóts aukast til muna.

54 LANDSLEIKIR Á ÁRINU

Á árinu léku landslið Íslands samtals 54 leiki, en þar af voru 22 leikir kvennaliða. Landsleikjum karla fjölgaði talsvert frá árinu á undan, en árið 2000 voru þeir 24, miðað við 32 í ár. A-lið karla lék flesta leiki allra liða, eða ellefu, en U19 lið kvenna lék flesta leiki yngri liða, níu talsins.

A LANDSLIÐ KVENNA

Í ár hófst undankeppni fyrir HM kvennalandsliða, en úrslitakeppnin fer fram í Kína sumarið 2003. Ljóst var að íslenska liðsins beið erfitt verkefni undir stjórn nýs þjálfara en liðið er í riðli með Rússum, Ítölum og Spánverjum.

Fyrsti leikur liðsins á árinu, sem var jafnframt fyrsti leikurinn undir stjórn Jörundar Áka Sveinssonar, var gegn Rússum á KR-velli í ágúst. Íslenska liðið lék til sigurs og því var 1-1 jafntefli mikil vonbrigði. Næsti leikur liðsins var heimaleikur gegn Ítalíu, en leikið var á Laugardalsvelli. Ítalska liðið var fyrirfram álitid sigurstranglegast í riðlunum enda hefur árangur þess á undanförunum stórmótum verið góður. Stelpurnar okkar áttu stórleik og unnu frækilegan 2-1 sigur, dyggilega studdar af 1.200 áhorfendum. Olga Færseth skoraði bæði mörk íslenska liðsins, en hún skoraði einnig mark Íslands gegn Rússum. Þriðji og síðasti leikur liðsins á árinu var gegn Spáni í lok september. Íslenska liðið sá aldrei til sólar í leiknum og tapaði 1-6. Margrét R. Ólafsdóttir skoraði mark Íslands í síðari hálfleik.

U21 LANDSLIÐ KVENNA

Samhliða því að stýra A-landslíði kvenna var Jörundur Áki Sveinsson einnig við stjórnvölinn hjá U21 liði kvenna, en fyrsta verkefni ársins hjá liðinu voru tveir vináttuleikir gegn Írlandi í júlí. Fyrri leikurinn var leikinn á Sandgerðisvelli og lauk honum með 3-2 sigri írska liðsins, en Ísland sigraði 2-1 í síðari leik liðanna, sem fram fór á Varmárvelli í Mosfellsbæ. Opna Norðurlandamótið fór fram í Noregi um mánaðamótin júlí/ágúst og var íslenska liðið í mjög sterkum riðli með Bandaríkjunum, Þýskalandi og Danmörku. Íslensku stúlkurnar unnu einn leik, gegn Danmörku 3-0, en töpuðu hinum tveimur. Þær léku síðan gegn Kanada um 5. sætið og tapadist sá leikur 2-6.

U19 LANDSLIÐ KVENNA

U19 lið kvenna, undir stjórn Ólafs Þórs Guðbjörnssonar, tók þátt í undankeppni EM á árinu og náði frækilegum árangri, komst alla leið í 16-liða úrslit keppinnar.

Fyrsti undanriðillinn fór fram í september í Búlgaríu. Íslenska liðið bar sigurorð af heimamönnum í fyrsta leik, 7-0, Ungverjalandi í næsta leik, 3-0, og í úrslitaleik riðilsins voru Ísraelar lagðir að velli. 3-1. Þessi sigur í riðlinum þýddi annan undanriðil sem fór fram í Moskvu í október. Við erfiðar aðstæður í Moskvu sigraði íslenska liðið Bosníu-Herzegovínu 6-0 í fyrsta leik og gerði síðan tvö 1-1 jafntefli, við Belga og Rússa. Þessi árangur dugði liðinu í annað sæti riðilsins og tryggði því jafnframt sæti í 16-liða úrslitum EM, en leikið var í fjórum riðlum og fór riðill Íslands fram í Kaupmannahöfn. Fyrsti leikur liðsins var gegn Tékkum og tapadist 0-3 þrátt fyrir að íslenska liðið hafi átt fjölmörg færi í

leiknum. Næsti leikur var gegn Englandi og beið íslenska liðið lægri hlut, 1-2, en aftur gekk illa að nýta færin, og í lokaleiknum í riðlinum tapaði íslenska liðið fyrir því danska 0-3. Draumurinn um sæti í úrslitakeppni EM var því úr sögunni en íslenska liðið getur vel við unað, því það náði mjög góðum árangri og komst lengra í keppninni en það hefur gert áður.

U17 LANDSLIÐ KVENNA

U17 lið kvenna tók þátt í Opna Norðurlandamótinu í Noregi um mánaðamótin júní/júlí. Vonbrigði urðu með árangur íslenska liðsins, en það tapaði öllum leikjum sínum í riðlakeppninni, 0-2 gegn Frakklandi, 1-6 gegn Svíþjóð og 0-5 gegn Danmörku, og einnig leik sínum við Hollendinga um 7. sæti mótsins, 3-4. Þjálfari U17 kvenna var Ragnhildur Skúladóttir.

FJÓRAR LÉKU ERLENDIS

Færst hefur í aukana undanfarin ár að íslenskar landsliðskonur leiki með erlendum félagsliðum, en fimm leikmenn A-landslíðs kvenna léku með félagsliðum erlendis á árinu. Katrín Jónsdóttir lék með Kolbotn í Noregi, Guðlaug Jónsdóttir með Brøndby í Danmörku, Erla Hendriksdóttir með Frederiksberg í Danmörku og Margrét Ólafsdóttir og Rakel Ögmundsdóttir með Philadelphia Charge í Bandaríkjunum. Margrét hefur reyndar snúið heim til Íslands á ný.

20 ÁR LIÐIN FRÁ FYRSTA KVENNALANDSLEIKNUM

Á leik A-landslíðs kvenna gegn Rússum í undankeppni HM á KR-vellinum í ágúst var þeim tímamótum fagnað að 20 ár voru liðin frá fyrsta leik kvennalandsliðs

Íslands. Af því tilefni var móttaka fyrir leikmenn fyrsta landsliðsins í leikhléi. Fyrsti leikurinn fór fram í september 1981, en leikið var gegn Skotlandi ytra.

AUGLÝSINGIN VAKTI MIKLA ATHYGLI

Fyrir leik liðsins gegn Ítalíu í undankeppni HM komu íslensku A-landslíðsstelpurnar á óvart með því að auglýsa leikinn með heilsíðu auglýsingu í lit í Morgunblaðinu íklæddar baðfötum. Þessi auglýsing vakti mikla athygli og umræðu og átti án efa þátt í því að rúmlega 1.200 manns mættu á völinn, sem er áhorfendamet á kvennalandsleik hérlandis, og hvöttu stúlkurnar dyggilega til sigurs gegn sterku liði Ítala.

SAMNINGAR ENDURNÝJADIR

Í febrúar endurnýjaði KSÍ samninga við þjálfara U19 liðs kvenna, Ólaf Þór Guðbjörnsson, og þjálfara U17 liðs kvenna, Ragnhildi Skúladóttur, en samningarnir voru gerðir til tveggja ára (2001-2002).

•••••

EVROPULEIKIR FÉLAGSLIÐA

BÆTTUR ÁRANGUR FRÁ ÁRINU Á UNÐAN

Íslensk lið léku alls 12 leiki í Evrópukeppnum á árinu, sigruðu í fjórum leikjum og gerðu eitt jafntefli, en sjö leikir töpuðust. Þetta er bættur árangur frá árinu á undan, þegar einungis vannst sigur í tveimur leikjum af tólf.

MEISTARADEILD EVRÓPU

KR lék í forkeppni Meistaradeildar Evrópu og mætti þar albönsku meisturunum, Vllaznia, í 1. umferð forkeppninnar. Þeir röndóttu úr Vesturbænum sigruðu 2-1 í fyrri leiknum, sem fram fór á Laugardalsvelli, en töpuðu 0-1 í Albaníu. Albanska liðið komst því áfram á marki skoruðu á útivelli og Evrópuævintýri KR-inga var úti þetta árið.

EVROPUKEPPNI FÉLAGSLIÐA

Fylkir og ÍA voru fulltrúar Íslands í Evrópukeppni félagsliða. Bæði lið þurftu að komast í gegnum eina umferð í forkeppni áður en þau kæmust í 1. umferð sjálfra aðalkeppninnar. Fylkir var þarna að stíga sín fyrstu skref í Evrópukeppni. Árbæjarliðið sló út sterkt lið Pogon Szczecin frá Póllandi í forkeppninni, sigruðu 2-1 í fyrri leiknum hér heima og gerðu 1-1 jafntefli á útivelli þar sem jöfnunarmark Fylkismanna kom á síðustu sekúndum leiksins. Í 1. umferð aðalkeppninnar mættu þeir hollenska liðinu Roda JC, töpuðu 1-3 heima og 0-3 úti. Skagamenn mættu belgísku liði annað árið í röð. Að þessu sinni var það Club Brugge, sem hefur verið sterkasta liðið í heimalandi sínu undanfarin ár. Belgarnir reyndust ofjarlar Akurnesinga og unnu þeir báða leikina, 4-0 og 6-1. Bæði ÍA og Fylkir léku heimaleiki sína á Laugardalsvelli til þess að uppfylla kröfur UEFA um aðstöðu fyrir áhorfendur.

INTERTOTO-KEPPNIN

Grindavík tók þátt í Intertotokeppninni fyrir Íslands hönd að þessu sinni og voru, líkt og Fylkismenn, að leika sína fyrstu leiki í Evrópukeppni. Grindvíkingar slógu út Vilash frá Azerbaijan í 1. umferð með því að vinna báða leikina, 1-0 í

Grindavík og 2-1 í Azerbaijan. Í 2. umferð mætti liðið FC Basel frá Sviss, sem reyndist of stór biti, en báðir leikirnir töpuðust, 0-2 í Grindavík og 0-3 í Sviss.

HÁTTVÍSÍKEPPNI UEFA

Milli aðildarlanda UEFA er keppni um þrjú laus sæti í Evrópukeppni félagsliða, sem fer þannig fram að eftirlitsmenn UEFA í landsleikjum allra landsliða og Evrópukeppnum félagsliða gefa einkunn um háttvísi. Til að eiga möguleika á að komast í pottinn verður viðkomandi land að hafa náð meðaleinkunninni 8,0 og að hafa leikið tilskilinn fjölda leikja í keppnum á vegum UEFA, en að þessu sinni náðu 12 lönd lágmarkinu. Hvíta-Rússland fékk sjálfkrafa eitt sæti á grundvelli hæstu meðaleinkunnar fyrir háttvísi af öllum aðildarlöndum UEFA, en dregið var um tvö önnur sæti. Í pottinum voru því 11 lönd og hefði Ísland verið dregið úr pottinum hefði fulltrúi okkar orðið ÍBV. Eyjamenn höfnuðu í 3. sæti í háttvísímati KSÍ á síðasta keppnis tímabili, en KR og Fylkir voru bæði fyrir ofan ÍBV í röðinni. Þar sem KR og Fylkir höfðu þegar tryggt sér sæti í Evrópukeppnum fór ÍBV í pottinn fyrir okkar hönd. Heppnin var ekki með Eyjamönnum, en úr pottinum komu nöfn Finnlands og Slóvakíu.

EVROPUKEPPNI FÉLAGSLIÐA KVENNA

Á árinu fór í fyrsta skipti fram Evrópukeppni félagsliða kvenna. Íslandsmeistarar Breiðabliks gáfu ekki kost á sér, þannig að KR, sem hafnaði í 2. sæti Símadeildar kvenna, tók sæti þeirra í keppninni. Leikið var í átta riðlum í fyrstu umferð og var KR í 1. riðli ásamt SK Trondheims Ørn frá Noregi, FC Bobruichanka frá Hvíta-Rússlandi og belgíska liðinu KSC Eendracht

Aalst, en riðillinn var leikinn í Noregi. KR-stúlkur lék fyrst gegn Trondheims Ørn og töpuðu mjög stórt, 0-9, en norska liðið þykir feykisterkt á evrópskan mælikvarða. Næsti leikur KR var gegn Eendracht Aalst og tapaðist hann naumlega, 3-4. Síðasti leikur íslenska liðsins í riðlinum var gegn Bobruichanka, sem sigraði 3-1. KR tapaði því öllum þremur leikjum sínum í riðlinum og hafnaði í neðsta sæti, en norska liðið Trondheims-Ørn sigraði í riðlinum með miklum yfirburðum og fór því áfram í 8-liða úrslit, sem fara fram í mars árið 2002. Frammistaða stúlkanna var þeim til sóma, þrátt fyrir töpin, og er ljóst að afar mikilvægt er fyrir kvennaknattspyrnuna í landinu að íslensk kvennalið taki þátt í Evrópukeppni þegar tækifæri býðst.

•••••

MANNVIRKJAMÁL

HÚS RÍSA Í REYKJAVÍK, Í KÓPAVOGI OG Á AKUREYRI

Bygging þriggja nýrra knattspyrnuhúsa hófst á árinu, sem koma í kjölfarið á fyrsta húsinu, sem er í Reykjanesbæ. Í Reykjavík var hafin bygging á glæsilegu keppnishúsi, sem ætlunin er að verði tilbúið til notkunar með vorinu 2001. Þá var hafin bygging knattspyrnuhúss í Kópavogi sem einnig er gert ráð fyrir að verði tilbúið með vorinu 2001 og loks var tekin fyrsta skóflustunga að nýju knattspyrnuhúsi á Akureyri. Öll húsin eru með knattspyrnuvelli í fullri stærð, eða 105 x 68 m, og verða öll búin gervigrasi af "þriðju kynslóð", þ.e. með blöndu af sandi og gúmmíkurli inni í grasinu.

SAMTÖK STOFNUÐ

Samstarf grasvallastarfsmanna og golfvallastarfsmanna jókst enn á árinu. Stofnuð voru sameiginleg samtök, "Samtök íþróttavalla- og golfvallastarfsmanna á Íslandi", skammstafað SÍGÍ. Í lok júní stóðu þau fyrir fundi um viðhald og uppbyggingu valla. Sérstakir gestir á fundinum voru Eddie Adams frá St. Andrews golfvöllinum í Skotlandi og Keith Kent vallarstjóri á Old Trafford í Englandi.

BÆTT AÐSTAÐA ÁHORFENDA SKILAR SÉR

Síðastliðið sumar var loks komið að þeim merka tímapunkti að öll félög í Símadeildinni uppfylltu kröfur KSÍ um áhorfendaaðstöðu, níu árum eftir að reglurnar voru samþykktar og tveimur árum eftir að þær tóku að fullu gildi. Í fyrstu deild er aðstaðan að mestu komin í gott horf. Nokkur félög hafa ráðist í, eða eru um það bil að ráðast í, stórhuga framkvæmdir til að bæta áhorfendaaðstöðuna svo um munar. Það er staðreynd að bætt aðstaða skilar sér í betri aðsókn og skapar um leið aukna tekjumöguleika fyrir félögin. Það var því ánægjulegt að sjá það sannast með metaðsókn í Símadeildinni í sumar.

SENDINEFND FRÁ UEFA

Síðastliðið vor kom þriggja manna sendinefnd frá UEFA í heimsókn til að taka út knattspyrnuvelli í Símadeildinni. Nefndin lýsti yfir ánægju með flest sem snéri að keppnisvöllunum sjálfum og aðstöðu leikmanna, en undrun yfir hvað áhorfendaaðstaðan væri víða frumstæð. Hér ætlar UEFA að auka kröfurnar í framtíðinni.

•••••

FRÆDSLUMÁL

ÞJÁLFAFARMENNTUN

Aðalverkefni fræðslunefndar á árinu var að móta nýja námsskrá fyrir knattspyrnuþjálfaramenntun, sem byggð væri á þjálfarasáttmála UEFA. Sáttmálinn gerir ráð fyrir þremur megingráðum þjálfaramenntunar: *B-gráðu*, sem samsvarar að verulegu leyti gömlu *A*-, *B*-, *C*- og fyrri hluta *D-stigs* námskeiðum KSÍ með ívafi úr barna- og unglingsþjálfun; *A-gráðu* sem gæti samsvarað seinni hluta *D-stigs* og *E-stigi* með nauðsynlegum breytingum og viðbótum; loks *Pro-gráðu*, sem er á æðra stigi en kennt hefur verið hérlendis. Ákveðið var að skipta *B-gráðunni* upp í fjóra áfanga, sem eru kallaðir *I*, *II*, *III* og *IV*, þar sem UEFA notar bókstafina *B* og *A*. Á næsta starfsári mun nefndin síðan væntanlega snúa sér að *A-gráðu* UEFA. Hvað varðar *Pro-gráðuna*, þá þarf KSÍ að velja sér samstarfsaðila erlendis, til að íslenskir þjálfarar eigi þess kost að fara alla leið í menntunarkerfi UEFA. Vel gæti hentað að horfa til nágranna okkar, t.d. Dana, Norðmanna eða Svía, en allar þessar þjóðir hafa nú hlotið viðurkenningu UEFA á sínu menntunarkerfi.

NÁMSKEIÐAHALD

Haldin voru námskeið samkvæmt þessari nýju námsskrá sem var í vinnslu á starfsárinu og tekur mið af kröfum UEFA, en fyrstu námskeiðin samkvæmt því kerfi fóru fram haustið 2000. Eftirfarandi námskeið voru haldin: *KSÍ I* í október sem var geysifjölsótt og mættu alls til leiks 45 þjálfarar. *KSÍ II* var haldið í lok nóvember með þátttöku 29 þjálfara. *KSÍ III* var haldið seint í apríl með þátttöku 16 þjálfara. Og þá var ætlunin að halda *KSÍ IV* um haustið en því var frestað fram yfir áramótin. Eins og

fram kemur að ofan þá eiga námskeið *I-IV* að samsvara þeim kröfum sem gerðar er til þjálfunargráðunnar *UEFA-B*. Loks var í maí haldið eitt námskeið skv. gamla kerfinu, þ.e. síðari hluti *D-stigs*, og var það gert fyrir þá þjálfara sem höfðu setið *A-D námskeið* sem fylgdu eldri námsskrá. Alls sóttu 19 þjálfarar námskeiðið.

ERLEND SAMSKIPTI

KSÍ hefur verið virkt í því að taka þátt í ráðstefnum og námskeiðum erlendis og eru fræðslumálin þar engin undantekning. Fræðslustjóri KSÍ sótti ráðstefnu í Flórens á vegum UEFA 11.-15. júní vegna þjálfaramenntunar. Sömuleiðis sótti hann námskeið á vegum UEFA 11.-12. september v/ þjálfaramenntunar. Þá sótti Örn Ólafsson nefndarmaður ráðstefnu í Finnlandi í nóvember um íþróttþjálfun m.a. með styrk frá KSÍ.

KNATTSPYRNUFÓLK FRAMTÍÐARINNAR

Knattspyrnuskólar drengja og stúlkna fóru að venju fram að Laugarvatni í júní. Skóli stúlkanna fór fram dagana 18.-22. júní og sóttu hann 53 stúlkur fæddar 1987. Ragnhildur Skúladóttir var skólastjóri og henni til aðstoðar Kristín Anna Arnþórsdóttir. Hjá drengjunum fór skólinn fram dagana 25.-29. júní, en hann sóttu samtals 44 drengir. Guðni Kjartansson var skólastjóri og honum til aðstoðar Davíð Bergmann Davíðsson.

ANNAD

VEFUR KSÍ VEL SÓTTUR

Í júní 2000 opnaði KSÍ heimasíðu sína undir slóðinni www.ksi.is. Heimasíðan hefur verið vel sótt frá opnun hennar og verður sífellt vinsælli. Í ágúst og september 2001 voru skv. sjálfvirkri talningu um 40.000 heimsóknir á síðuna í hvorum mánuði. Meðaltal heimsókna á síðuna síðustu mánuði gefur til kynna að heimsóknir næsta sumar verði enn fleiri en árið á undan.

Á heimasíðunni er að finna gífurlegt magn upplýsinga um alla meginþætti í starfsemi KSÍ, öll mót á vegum KSÍ og KRR, félagaskipti, leikmannasamninga, alla landsleiki og landsliðsmenn frá upphafi, öll eyðublöð, lög og reglugerðir, og margt, margt fleira. Allar upplýsingar sem skráðar eru í mótakerfi KSÍ uppfærast sjálfkrafa á heimasíðunni og er áhugasömum þannig gert kleift að fylgjast grannt með öllu sem gerist.

Á árinu var aðildarfélögum KSÍ gert kleift að skrá úrslit og leikskýrslur úr heimaleikjum sínum í gegnum www.ksi.is og á næsta keppnistímabili er ætlast til þess að svo sé gert. Með því móti er þjónusta við knattspyrnuáhugafólk aukin verulega, þar sem úrslit úr öllum leikjum og staða í öllum flokkum á vegum KSÍ uppfærast mun hraðar.

SAMSTARFSADILAR KSÍ

Knattspyrnusamband Íslands á mikið og gott samstarf við mörg fyrirtæki sem starfa á ólíkum vettvangi. Opinberir samstarfsaðilar KSÍ á árinu voru Hekla, Síminn, Sjóvá-Almennar, VISA, EJS, 10-11, Olúfélagið (ESSO), Vífilfell (Coca-Cola), Reusch, Icelandair,

Norðurljós (Sýn), Skýrr, Oddi og Búnaðarbankinn. Þá átti KSÍ í góðu samstarfi við Guðmund Jónasson, Gott fólk, Ísspor, Leppin sport, Icelandair-hotels og fleiri þjónustufyrirtæki auk þess sem Íslenskar getraunir voru sem fyrr bakhjarl sambandsins sem og knattspyrnufélaganna.

FRAMKVÆMDASTJÓRI FIFA Í HEIMSÓKN

Framkvæmdastjóri FIFA, Michel Zen Ruffinen, var gestur KSÍ á landsleik Íslands og Tékklands í undankeppni HM 2002 í byrjun september. Zen Ruffinen átti viðræður við forystu KSÍ og kynnti sér starfsemi sambandsins, en hann varð framkvæmdastjóri FIFA 1998 þegar Sepp Blatter tók við forsetaembætti.

SAMSTARF SKJALDBORGAR OG KSÍ

Knattspyrnusamband Íslands og Bókaútgáfan Skjaldborg gerðu með sér samkomulag um viðauka í bókina Íslensk knattspyrna 2001, eftir Víði Sigurðsson, þannig að bókinn innihaldi öll úrslit leikja sem fram fóru á vegum KSÍ á árinu 2001. KSÍ hefur jafnframt kynnt bókina innan sinna vébanda og keypt eintök fyrir aðildarfélög sín.

Bókin Íslensk knattspyrna er öllum áhugamönnum um knattspyrnu að góðu kunn, enda traust heimild um íslenska knattspyrnu. Í bókinni er fjallað um allt sem gerðist í íslenskri knattspyrnu á árinu 2001, frásagnir af öllum leikjum í Síma-deild karla og kvenna og fjallað um allar deildir og flokka á Íslandsmótinu, Coca-Cola bikarinn og bikarkeppni yngri flokka, landsleikina, Evrópuleiki félagsliða, atvinnumennina erlendis og margt fleira. Bókin er ríkulega myndskreytt, en í henni eru á þriðja

hundrað myndir úr leikjum og af einstaklingum og liðum.

Það er KSÍ sönn ánægja að tengjast útgáfu bókarinnar nú á formlegan hátt og þó að samkomulag KSÍ og Skjaldborgar hafi aðeins náð til útgáfunnar 2001 er ljóst að það er fullur vilji KSÍ að halda því samstarfi áfram.

EGGERT MAGNÚSSON VARAFORMAÐUR EM 2008

Á fundi undirbúningsnefndar Evrópumóts landsliða 2008 (EURO 2008) á Norðurlöndum í mars var samþykkt að skipa Eggert Magnússon varaformann nefndarinnar, en formaður danska knattspyrnusambandsins er formaður nefndarinnar og formaður finnska knattspyrnusambandsins er einnig varaformaður. Hlutverk undirbúningsnefndarinnar er að leggja fram umsókn um að halda EM 2008 á Norðurlöndum (Danmörk, Finnland, Noregur og Svíþjóð) og vinna henni fylgi meðal aðildarlanda UEFA. Á fundinum var einnig samþykkt að Norðurlöndin styðji umsókn KSÍ um að þingformanna og framkvæmdastjóra aðildarlanda UEFA 2007 verði haldið á Íslandi.

ÍSLANDSLEIKAR SPECIAL OLYMPICS Í KNATTSPYRNU

Í byrjun apríl fóru fram Íslandsleikar Special Olympics í knattspyrnu í Laugardalshöll. Íslandsleikarnir voru liður í Evrópuverkefni Special Olympics, en um 4.000 knattspyrnumenn og konur tóku þátt í knattspyrnuviku Evrópusamtaka Special Olympics. Íþróttasamband Fatlaðra er umsjónaraðili Special Olympics hér á landi en KSÍ aðstoðaði ÍF vegna leikanna nú eins og í fyrra, en Íslandsleikar SO í knattspyrnu voru haldnir í fyrsta

skipti árið 2000 og fóru þá fram í Reykjanesbæ.

Magnús Gylfason, þjálfari U17 landsliðs karla, sá um að hita liðin upp fyrir keppnina og Ólafur Þór Guðbjörnsson, þjálfari U19 landsliðs kvenna afhenti verðlaun fyrir liðakeppni. Þjálfari A landsliðs karla, Atli Eðvaldsson, sá síðan um verðlaunaafhendingu fyrir einstaklingskeppnina.

HÁTTVÍSI OG KYNÞÁTTAFORDÓMAR

FIFA og UEFA hafa á síðustu misserum ítrekað lýst yfir áhyggjum vegna atvika á vettvangi knattspyrnunnar þar sem um er að ræða kynþáttafordóma. Því miður hafa komið upp atvik hér á landi sem flokkast undir kynþáttafordóma. Slíkt er í algjörrri andstæðu við stefnu KSÍ og ber að harma. Í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót segir:

“Félög, iðkendur, forystumenn og aðrir skulu jafnan sýna drengskap og forðast hvaðeina sem rýrt gæti álit almennings á íþróttinni og koma fram af hollustu, heiðarleika og sönnum íþróttanda. Þeir sem taka þátt í starfi knattspyrnuhreyfingarinnar skulu leitast við að gera ekkert það sem til vanvirðu má telja fyrir íþróttina. Sérhvert félag er ábyrgt fyrir framkomu leikmanna, forráðamanna, félagsmanna og stuðningsmanna sinna og allra þeirra sem hafa hlutverk á vegum þess í tengslum við kappleik”.

KSÍ vill minna aðildarfélög sín á að halda vöku sinni og gæta þess að íslensk knattspyrna verði aldrei vettvangur fyrir kynþáttafordóma eða annað misrétti.

LÆKNA- OG HEILBRIGÐISNEFND

Stjórn KSÍ samþykkti á árinu að skipa fimm aðila í lækna- og heilbrigðisnefnd, sem er ný nefnd innan sambandsins. Í nefndina voru skipaðir læknarnir Sigurjón Sigurðsson, sem er jafnframt formaður nefndarinnar, Böðvar Örn Sigurjónsson, Einar Jónsson og Sveinbjörn Brandsson, auk sjúkraþjálfarans Gunnars Sverrissonar.

KNATTSPYRANAN LANGVINSÆLUST

Samkvæmt starfsskýrslum Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands eru sem fyrr langflestir iðkendur hjá KSÍ af öllum sérsamböndunum. Tölur ÍSÍ sýna að knattspyrnuíðkendur árið 2000 voru 16.484, sem er aukning um tæplega þúsund frá árinu á undan. Næst er golfið með 9.007 iðkendur og hestaíþróttir með 7.365.

NÝR SJÓNVARPS- OG MARKAÐSSAMNINGUR

Í september undirrituðu KSÍ og Þýska fyrirtækið UFA Sports nýjan samning um sjónvarps- og markaðsrétt sem gildir út árið 2005. Umleitanir um nýjan samning hófust haustið 2000 og ræddi KSÍ við alla stærstu aðila á þessum markaði, en eftir snarpar og erfiðar samningaviðræður var niðurstaðan sú að samið var við UFA Sports. Samstarf KSÍ og UFA Sports hefur nú staðið í 8 ár (tveir 4 ára samningar) og hefur verið með miklum ágætum. Með samningnum hefur UFA Sports á umræddu tímabili keypt:

Sjónvarpsrétt (innan- og utanlands) frá heimalandsleikjum A og U21 landsliðs karla.

Auglýsingarétt við leikvöllinn í heimaleikjum A landsliðs karla.

Sjónvarpsrétt (innan- og utanlands) frá Símadeild karla (efstu deild), Coca-Cola bikar karla (bikarkeppni KSÍ) og Deildarbikar karla.

Rétt á heiti efstu deildar karla, bikarkeppni KSÍ í meistaraflokki karla og deildarbikar meistara-flokks karla.

Það er mikilvægt fyrir íslenska knattspyrnu að hafa traustan og sterkan samstarfsaðila sem tryggir fjárhagsgrundvöll samningsins og hefur öðlast reynslu af íslenskri knattspyrnu og því umhverfi sem hún starfar í. KSÍ horfir af bjartsýni fram á veginn í samstarfi við UFA og vonast til þess að samstarfið verði áfram jafn farsælt og hingað til. Þessi samningur tryggir rekstrargrundvöll KSÍ næstu 4 árin og leggur jafnframt grunn að rekstri félaga í Símadeild karla.

EINNAR MÍNÚTU ÞÖGN VEGNA 11. SEPTEMBER

Í virðingarskyni við fórnarlömb hinna hræðilegu hryðjuverka í Bandaríkjunum 11. september var einnar mínútu þögn fyrir alla leiki sem fram fóru í meistaraflokki karla og kvenna um næstu helgi eftir atburðina. Alls var um að ræða 12 leiki, í Símadeild karla, 1. deild karla, Aukakeppni kvenna og Coca-Cola bikar kvenna.

ÞÁTTTÖKULEYFI Í EFSTU DEILD

Þær kröfur sem gerðar eru til knattspyrnufélaga fara vaxandi ár frá ári samhliða auknum vinsældum knattspyrnunnar. Stjórnvöld, fjölmiðlar, stuðningsaðilar og áhorfendur leggja ekki eingöngu mat á félögin eftir því hvernig gengur inni á vellinum, heldur horfa meira og meira á heildarímynd félaganna. UEFA leggur á það áherslu að knattspyrnan þróist í rétta átt í aðildarlöndum sínum og verði

þannig áfram vinsælasta íþrótt í heimi. Til þess að ná þessum markmiðum hefur UEFA sett í gang vinnu að kerfi sem er ætlað að stuðla að bættu starfi knattspyrnufélaga um alla Evrópu.

Í þessu kerfi er aðildarsamböndum UEFA ætlað að koma á samræmdum stöðlum sem ná yfir þau félög sem taka þátt í efstu deild í viðkomandi landi. Þessir staðlar eiga ekki að vera hamlandi fyrir félögin heldur þvert á móti eiga þeir að auðvelda þeim að bæta skipulag sitt og vinnu á mælanlegan hátt. Kerfið á að auka tiltrú utanaðkomandi aðila á fjárhag félaganna, íþrótt- og uppeldisstarf þeirra og einnig auka þjónustuna við vallar gesti til þess að þeir leggi frekar leið sína á völlinn, Framkvæmdastjórn UEFA kynnti málið árið 2000, en drög að þessum stöðlum voru lögð fram á síðasta ári.

Stjórn KSÍ skipaði fjögurra manna nefnd til að vinna að þessum málum á Íslandi. Nefndin skyldi yfirfara þessa staðla, staðfæra miðað við íslenskar aðstæður og skoða hvernig þessu kerfi yrði komið á. Kynna skyldi vinnu nefndarinnar á ársþingi KSÍ 2002 og leggja þar fram nauðsynlegar tillögur til að hrinda málinu í framkvæmd. Nefndin hefur sett sér það markmið að haustið 2002 verði hægt að leggja fyrir stjórn KSÍ tillögur að reglugerð sem uppfylli þessa staðla miðað við íslenskar aðstæður, sem síðan verði lagðar fyrir ársþing KSÍ 2003. Reglugerðin mun m.a. innihalda reglur um þátttökuleyfi og sérstaka þátttökuleyfisnefnd, auk reglna um knattspyrnuleg, mannvirkjaleg, skipulagsleg og fjárhagsleg skilyrði leyfisveitingar.

KÆRUMÁL

Alls komu sjö kærurnar upp á árinu. Tvö þeirra sneru að leikjum í meistaraflokki, en athyglisvert er að

fimm kærurnar komu upp í yngri flokkum.

Haukar kærðu Grindavík þar sem þeir fyrrnefndu töldu Grindvíkinga hafa notað ólöglegan leikmann í Íslandsmótinu innanhúss í mfl. kvenna. Grindavík var sýknað af ákærinni.

Árborg kærði Þrótt R. fyrir að nota leikmenn sem ekki voru löglegir í U23 lið félagsins í leik liðanna í Coca-Cola bikarkeppni mfl. karla. Þróttur viðurkendi að um mistök hefði verið að ræða og var Árborg dæmdur sigur í leiknum, 3-0. Að auki var Þrótti R. gert að greiða kr. 20.000 í sekt.

Keflavík kærði Fjölni þar sem tveir dómarmar dæmdu leik liðanna í 3. fl. karla á Fjölnisvelli, í stað eins dómara og tveggja aðstoðardómara. Málinu var vísað frá þar sem kærnan uppfyllti ekki skilyrði 6. greinar um Dómstól KSÍ.

Fylkir kærði ÍR þar sem síðarnefnda félagið notaði leikmann sem átti að vera í leikbanni í leik liðanna í 3. flokki karla. Fylki var dæmdur 3-0 sigur í leiknum og ÍR gert að greiða kr. 5.000 í sekt.

HK lagði fram kærnu á hendur Víkingi R. þar sem fyrrnefnda liðið taldi Víking hafa notað ólöglegan leikmann í leik B-liða félaganna í 4. flokki karla. Víkingi var dæmdur leikurinn tapaður, 0-3, og gert að greiða kr. 5.000 í sekt.

Þróttur N. kærði KBS fyrir að nota ólöglegan leikmann í leik 7 manna liða félaganna í 3. fl. kvenna. Þrótti var dæmdur 3-0 sigur í leiknum og KBS gert að greiða kr. 5.000 í sekt.

Völsungur lagði fram kærnu vegna leiks gegn Stjórnunni í C-úrslitakeppni 3. flokks karla þar sem félagið hafði athugasemdir varðandi framkvæmd vítaspyrnukeppni í lok leiksins, sem Stjarnan sigraði

í. Dæmt var að úrslit leiksins skyldu standa óhögguð. Völsungur áfrýjaði þeirri ákvörðun, en áfrýjunardómstóllinn staðfesti fyrri dóm.

•••••

FJÁRMÁL

VELTAN YFIR MILLJARÐ

Í starfsskýrslum ÍSÍ fyrir árið 2000 kemur fram að velta knattspyrnuhreyfingarinnar (KSÍ og 52 félög) nemur um 1 milljarði króna. Skuldir aukast á milli ára og nema rúmum hálfum milljarði króna.

FJÁRMAGN FRÁ UEFA TIL ÍSLENSKRA FÉLAGSLIÐA

UEFA ákvað á síðasta ári, líkt og áður, að hluti af þeim tekjum sem sambandið hafði af Meistaradeild UEFA 2000/2001 skyldi renna til félaga í efstu deild í öllum aðildarlöndum UEFA til eflingar knattspyrnu barna og unglunga hjá þessum félögum.

Þessa greiðslu vegna Meistaradeildar UEFA 2000/2001 hlutu 7 félög sem léku í Símadeild karla 1999 og hlaut hvert þeirra tæplega 2,5 milljónir króna, en þessi félög voru Leiftur, Breiðablik, Grindavík, Fram, Keflavík, Valur og Víkingur R. Félag sem tóku þátt í Meistaradeild UEFA 2000/2001 (KR) eða Evrópukeppni félagsliða 2000/2001 (ÍBV og ÍA) fengu ekki hlutdeild í þessari greiðslu. Félagin í Símadeild karla 2000 hljóta síðan greiðslu til barna- og unglingsstarfs frá UEFA eftir sömu reglum sumarið 2002, o.s.frv.

KSÍ setti síðan ákveðnar kvaðir á þau aðildarfélög sín sem hljóta þessa greiðslu. Meðal annars skal

greiðslan til félaganna renna óskipt til eflingar knattspyrnu barna og unglunga frá yngstu iðkendum til og með 2. aldursflokks. Verkefni sem KSÍ leggur áherslu á eru fjölgun iðkenda og um leið fjölgun menntaðra þjálfara að störfum hjá félögunum. Þá geta félögin staðið fyrir nýjum þáttum í barna- og unglingastarfi sínu t.d. með nám-skeiðum eða knattspyrnskólum.

110 MILLJÓNIR KRÓNA FRÁ UEFA OG FIFA

Framlög frá Knattspyrnusambandi Evrópu og Alþjóða knattspyrnu-sambandinu til aðildarlanda sinna virðast aukast með hverju árinu sem liður. KSÍ sjálft fékk alls um 65 milljónir króna frá UEFA og FIFA en íslensk félagslið fengu um 45 milljónir króna frá UEFA og er þetta fjármagn geysilega mikilvægt fyrir uppbyggingu íslenskrar knattspyrnu.

TÆPAR 10 MILLJÓNIR TIL AÐILDARFÉLAGA KSÍ

Stjórn Knattspyrnusambands Íslands ákvað á fundi sínum 17. janúar 2002 að greiða tæpar 10 milljónir króna til aðildarféлага KSÍ. Með þessari ákvörðun hefur KSÍ skilað aðildarfélögum sínum um 160 milljónum kr. frá 1992 með framlögum, niðurfellingu gjalda og yfirtöku á kostnaði.

Alls munu 56 aðildarfélög KSÍ sem sendu lið til keppni í mót á vegum KSÍ í yngri aldursflokkum utanhúss 2001 fá framlag frá sambandinu. Félög sem sendu lið til keppni í yngri flokkum karla og kvenna fá 200 þúsund kr. hvert, en félög sem sendu aðeins lið til keppni í yngri flokkum karla 125 þúsund kr. hvert. samkvæmt þessu fá 38 félög 200 þúsund kr. og 18 félög 125 þúsund kr. eða alls 9.850.000 kr.

Rekstur KSÍ hefur gengið vel undanfarin ár og fjárhagsstaða sambandsins hefur styrkst. Á sama tíma hefur KSÍ jafnt og þétt létt undir með aðildarfélögum sínum um leið og þjónusta við þau hefur verið stóraukin.

Árið 1992 var 5% gjald til KSÍ af seldum aðgöngumiðum að leikjum í efstu deild og bikar fellt niður. Þetta þýðir í raun að á 10 árum hefur KSÍ létt af félögum vegna þessa a. m. k. 45 milljónum kr.

Sama ár (1992) voru þátttökugjöld í yngri aldursflokkum felld niður en í stað þess tekin upp skráningargjöld sem voru mun lægri. Þetta hefur lækkað útgjöld félaga um 30 milljónir til dagsins í dag.

Árið 1994 tók KSÍ yfir allan beinan launakostnað dómara vegna leikja í Íslandsmóti og bikarkeppni meistaraflökks. Þetta eru um 70 milljónir kr. á 8 árum.

Árið 2001 felldi KSÍ niður þátttöku- og skráningargjöld í mótum á vegum KSÍ. Þessi ákvörðun létti alls 7,5 milljónum kr. af aðildarfélögunum.

Þá hefur verið ákveðið að engin þátttöku- eða skráningargjöld verði greidd 2002, alls um 8,5 milljónir kr.

KSÍ REKIÐ MEÐ HAGNAÐI

Hagnaður varð af heildarrekstri Knattspyrnusambands Íslands árið 2001, rúmlega 20 milljónir kr., auk þess sem sambandið greiddi út til aðildarféлага sinna tæpar 10 milljónir kr. Rekstur sambandsins gekk mjög vel og skilaði regluleg starfsemi KSÍ hagnaði upp á rúmlega 29 milljónir kr., en að teknu tilliti til óreglulegra liða og fjármagnsliða varð hagnaður KSÍ alls rúmlega 38 milljónir kr.

Regluleg starfsemi Laugardalsvallar var nokkuð í samræmi við áætlanir en dróst nokkuð saman frá árinu 2000 vegna færri leikja á vellinum og færri áhorfenda á landsleikjum. Tap varð af reglulegri starfsemi Laugardalsvallar tæpar 2,5 milljónir kr., en að teknu tilliti til fjármagnsliða varð rúmlega 18 milljóna kr. tap á rekstrinum. Sem fyrr mótast afkoma Laugardalsvallar mjög af sveiflum á fjármagnsmörkuðum vegna erlends láns, sem hvílir á vellinum vegna framkvæmda við nýja stúku.

Rekstraráætlanir KSÍ stóðust að mestu leyti gagnvart rekstrarútgjöldum en rekstrartekjur og fjármunatekjur voru nokkru hærri en gert var ráð fyrir og skýrir það þann hagnað sem varð á árinu. Eigið fé KSÍ um síðustu áramót nam alls tæpum 93 milljónum kr.